© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og kemur hann til reiknings 1917.

2. Eftir skilagrein borgarstjóra fyrir fisksölunni, dags. 10 sept. 1915 og 31 des. 1916, verður útkoman þessi:

Gjöld:

| | | |
|---|---|---|
| Fiskur keyptur alls fyrir | Kr. | 41308,06 |
| Kostnaður við flutning, sölu og söltun | " | 7552,41 |
| Fisksölutorgið með skúr og áhöldum | " | 1487,38 |
| Alls | Kr. | 50347,85 |

Tekjur:

| | | |
|---|---|---|
| Fiskur seldur fyrir | Kr. | 36122,10 |
| Selt salt olía o. fl. | " | 102,00 |
| Flutningsgjald fyrir vörur til Sandgerðis | " | 107,50 |
| Vextir í sparisjóði | " | 116,79 |
| Alls | Kr. | 36448,39 |

| | | |
|---|---|---|
| Tekjuhalli (T) hefur orðið samkv. þessu | " | 13899,46 |
| en þar uppí hefur síðar komið inn fyrir seldan saltfisk | " | 9210,22 |
| svo að eiginlegur tekjuhalli verður | " | 4689,24, |

eins og líka segir í aths. borgarstjóra við gjl. 29c.

5 gr. Tekjuliður 26a.

Í prentuðu niðurjöfnunarskránni stendur, að jafnað sje niður 281620 kr., og sama segir í brjefi borgarstjóra til bæjargjaldkera, er hann sendir honum skrána, en í reikningnum er niðurjöfnunin talin 284702 kr., eða 3082 kr. hærri. Aftan við niðurjöfnunarskrána er skrifað 3000 kr. útsvar hjá fiskiveiðahlutafélaginu Ægi, en ekki er þess getið, að það sje ekki talið með í niðurjöfnunarupphæðinni, prentuð er í skránni. Og aðrar viðbætur eða skýringar sjást þar ekki.

## Gjaldliðir.

6 gr. Gjaldliður 3a.

1. fskj. 48, 3. línu að neðan, eru Magnúsi Gunnarssyni taldar 25 vinnustundir á 750, en útfært er það með Kr. 25,00 í stað þess, að virðist eiga að vera Kr. 12,50.

2. Samkvæmt reikningnum á fskj. 71 virðist tímaborgun hvers manns hafa verið 50 au. þótt ekki sje hún alstaðar tilfærð innanstriks, en í 3 lið reikningsins er 20 tíma vinna gerð 11 Kr.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

7 gr.
Viðurkennist.

8 gr.
1 Viðurkennist, en er borgað samkv. ávísun, og tapt lega endurkraft.

2. Viðurkennist.

3. Sama svar og við 8 gr. 1.

4. Sama svar og við 8 gr. 1.

5. Viðist rétt athugað

9 gr.
Viðurkennist

10 gr.
1. Viðurkennist en virðist þó eins benda til að standinar eigi að vera 46½.

2. Viðurkennist.

11 gr.
Viðurkennist

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

7. gr. Gjaldliður 3 e.

Fskj. 11 Í. 7 línu í þeim reikningi er 13¼ bók af pappír á 0,75 talið Kr. 9,84, en virðist eiga að vera Kr. 9,94. 10 au. eru vantaldir.

8 gr. Gjaldliður 11 a 2.

2. Fskj. 28. Í 3. línu að neðan stendur, að Jón Jónsson hafi unnið 32 stundir á 0,75 og 1½ st. á 0,85, og er honum samtals gert fyrir þetta 24 Kr. Kaup. 1½ stund á 0,85 virðist hafa gleymst og Kr. 1,28 því vantalin.

1. Fskj. 21. 1. línu í kaupskránni, 20½ tímar á 0,48 er Kr. 10,84, en ætti að vera Kr. 9,84. Oftalin er því 1. Króna.

3. Fskj. 33. Í 6. og 7. línu að neðan er Kristni Þorkelssyni og Birni Jóhannssyni reiknað 49½ st. vinna með 0,45. Tímakaupi á Kr. 22,33 hvorum, en ætti að vera Kr. 22,28. 5 au. eru því oftaldir hjá hvorum þeirra, eða samtals 10 au.

4. Fskj. 38. í síðustu línu eru 19. vinnustundir á 0,48 taldar gera Kr. 16,20, í stað 15,20. Oftalin er 1. Króna.

5. Fskj. 44. í 6 línu er ½ rör á 0,70 úfært með Kr. 0,70, en samkvæmt því, sem annars er gert í þessum reikningi, að tilfæra einingarverð innanstriks, ætti það að vera Kr. 0,35.

9. gr. Gjaldliður 11 a 3.

Fskj. 5. í 4 línu Kaupskrárinnar er Einari Sigurðssyni reiknað Kr. 11,78 Kaup fyrir 29 stunda vinnu á 0,42. Kaupið virðist eiga vera Kr. 12,18 og 40 aur. því vantaldir.

10 gr. Gjaldliður 11 b 2.

1. Fskj. 23. í 3. línu að neðan er 46 stunda vinna Björgvins V. Magnússonar, með 65 a. kaupi um tímann, talin Kr. 30,23 en virðist eiga að vera Kr. 29,90. Eru þá 33 a. oftaldir. Ókvittað er fyrir kaupinu.

2. Fskj. 37. Fyrirliður reikningsins, 3,50 m. rör á 1/75 er talinn Kr. 6,33, í stað 6,13, og eru 20 a. því oftaldir.

11 gr. Gjaldliður 11 b 4.

Fskj. 7. 1. liður, 46½ st. vinna Haralds Ólafssonar á 85 a., talinn Kr. 39,10, í stað 39,58. Eru þá 48 a. vantaldir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

12. gr.

Viðurkennist.

13 gr.

1. Viðurkennist.

2. Viðurkennist:

3. Viðurkennist

14 gr.

Viðurkennist

15 gr.

1. Viðurkennist

2. Viðurkennist

3. Viðurkennist

16 gr.

1. Viðurkennist

2. Viðurkennist.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

12. gr. Gjaldliður 11 b 60.

Fskj. 2. í 4 línu er Jón Jóhannsson með 57½ st. vinnu @ 75, og er honum reiknað kaup alls kr. 42,75, í stað þess, að kaupið virðist eiga að vera kr. 43,13. Eru þá 38 a. vantalin.

13. gr. Gjaldliður 11 c.

1. Fskj. 4. Kaupskráin er samanlögð kr. 85,05, en ávísað er kr. 85,00 eða 5 a. minna.

2. Fskj. 15. Kaupskráin er samtals að upphæð kr. 215,35, en ávísunin, sem fylgir, kr. 215,93, eða 58 a. of mikið.

3. Fskj. 19. í 3. línu er Magnúsi Magnússyni reiknað kr. 14,80 kaup fyrir 1 st. vinnu @ 52 og 34½ st. vinnu @ 42, en kaupið virðist eiga að vera kr. 15,01, og 21 a. því vantaldir.

14. gr. Gjaldliður 11 e.

Fskj. 3. í 3. línu er Magnúsi Símonarsyni gerð 60½ st. vinna @ 70, og reiknað kaup alls kr. 42,50, í stað kr. 42,35. Eru þá 15 a. oftaldir.

15. gr. Gjaldliður 12.

1. Fskj. 32. Kaup Þórðar Þórarsonar fyrir 66 st. vinnu @ 32 er í 6 línu kaupskrárinnar talið kr. 21,22, í stað kr. 21,12, og er því 10 a. oftaldir.

2. Fskj. 47. þar er í 4 línu Guðmundar Einarssonar fyrir 58½ st. vinnu @ 32 talið kr. 18,68, í stað kr. 18,73, og eru því 5 a. vantaldir.

3. sama fskj. í síðustu línu er kaup Ólafs Einarssonar fyrir 1 st. vinnu @ 52 og 23 st. @ 42 talið kr. 10,68, en ætti að vera 10,18, og eru þá 50 a. oftaldir.

16 gr. Gjaldliður 15 d.

1. Fskj. 75 í 6 línu að neðan er Valdimar Þorvaldssyni reiknað kr. 17,40 kaup fyrir 44 st. vinnu @ 40. Kaupið ætti að vera kr. 17,60, og eru því 20 a. vantaldir.

2. Fskj. 81. þar er 1. lína reikningsins „200 kg kol @ 12,50 = 15,87." Virðist eiga að vera kr. 15,63, og eru þá 24 a. oftaldir, ef einingin, sem — kr. 12,50 — verðið er miðað við, er 160 kg., eins og hér virðist vera.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

17 gr.
Viðurkennist, misritun.

18 gr.
Viðkennist, tilfært og borgað samkv. ávísun

19 gr.
1 Viðurkennist tilf. og borgað samkv. ávísun

2. Sömuleiðis

3. Sömuleiðis

20 gr.
Viðurkennist.

21 gr.
Reikningshaldari ókunnugt um hvernig á þessu stendur.

Hætt að nota gas til suðu
K. Zimsen.

22. gr.
1. Álfheiður Stefánsdóttir er eftirlifandi ekkja Jóns Halldórssonar, sem dó í fyrri helming ársins 1916.

2. Umrædd skýrsla er nú í prentun og er í henni grein fyrir dráttinum.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

17 gr. Gjaldliður 15 e.

Aðalupphæð þessa liðs er kr. 803,25, og er það í samræmi við það, sem ávísað er af borgarstjóra, en í aðalreikningnum er hún talin kr. 803,35; eða 10 a. meira.

18 gr. Gjaldliður 16 b.

Fskj: 40. Kaupskrá Slökkviliðsins er talin alls kr. 102,50 en virðist eiga að vera kr. 100,50. Eru þá 2 kr. oftaldar.

19. gr. Gjaldliður e.

1. Fskj. 18 er reikningur yfir vinnu þriggja manna, 12 st. hjá hverjum, með 65 a. um tímann. Kaup hvers manns er talið samtals kr. 7,86, í stað 7,80, og eru því alls oftaldir 18 aurar.

2. Fskj: 30 Ben. Eyvindsson telur sér kr. 8,10 kaup fyrir 14 st. vinnu à 65. Kaupið átti að vera kr. 9,10, og er því vantalið 1 kr.

3. Fskj: Hér er 31 st. vinna à 65 talin kr. 22,10, í stað kr. 20,15. Er því oftalið kr. 1,95 hjá hverjum þriggja manna, eða samtals kr. 5,85.

20 gr. Gjaldliður 16 d.

Fskj: 8. í 2. línu reikningsins eru 174 fet à 18 a. talin kr. 32,19, en virðist eiga að vera kr. 31,32. Eru þá 87 a. oftaldir.

21 gr. Gjaldliður 16 e.

Fskj. 65. Gasreikningur nr. 1117 hljóðar í júlí upp á „gas til ljósa“ og svo er það til ársloka. En fyrir helming ársins er hann gefin fyrir „gas til suðu“ etc. Hvernig stendur á þessu?

22. gr. Gjaldliður 20 b.

1. Í skránni er talinn styrkur til Álfheiðar Stefánsdóttur, alls kr. 336,00, og vísað til fskj: 1384–1389, og kemur sú upphæð heim við þau fskj. En fskj: 1384–1385 eru ávísanir til handa Jóni Hallssyni, en ekki Álfheiði Stefánsdóttur, að upphæð samtals kr. 144,50 svo að styrkur Álfheiðar verður samkvæmt því aðeins kr. 191,50.

2. Í aths. borgarstjóra við þennan lið og við gjl. 21 a stendur, að (styrkur) skýrsla um þurfalingana, framfærslusveitir, og ástæður og ástæður fyrir styrkveiting verði prentuð síðar. Hefur sú skýrsla verið prentuð?

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

23 gr.

1. Viðurkennist.

2. Viðurkennist

3. Viðurkennist

24 gr.

Samkvæmt útgjaldaskýrslum borgarstjóra dags. 30/12. '16 bar að greiða Matthíasi Þórðarsyni Kr. 312,50 fyrir fyrstu 4 mánuði ársins 1916, en 50 aurarnir vöru greiddir í einu lagi síðasta mánuðinn. Útgjalda=skipunin fylgdi reikningnum.

25. gr.

Viðurkennist.

26. gr.

1. Viðurkennist

2. Viðurkennist

3. Viðurkennist, en tilfært og borgað út samkvæmt ávísun.

27 gr.

Viðurkennist

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

23. gr. Gjaldliðar 22.

3. 3. Fskj. 93. Kaupskráin er talin Kr. 22,11 og er sú upphæð ávísuð. En samkvæmt einstökum liðum kaupskrárinnar á hún að vera Kr. 31,11, og eru þá 10 Kr. vantaldar.

1. 1. Fskj. 91 Snorri Ólafssyni talið Kr. 23,94 kaup fyrir 57½ st. @ 42. Hálfa stundin sýnist hafa gleymst og 21 a. því vantaldir.

2. 2 Fskj. 92. Aðalupphæð kaupskrár þessarar er Kr. 381,67, en virðist rétt samlögð eiga að vera Kr. 371,67. eru þá oftaldar 10 krónur.

Þessi kaupskrá er óundirskrifuð af verkstjóra og svo er um þær næstu og nokkrar fleiri.

24 gr. Gjaldliður 23 b.

Á fskj. 29 eru laun Matthíasar Þórðarsonar talin Kr. 78,50, en áður alstaf Kr. 78,00. Hvernig stendur á því?

25 gr. Gjaldliður 23 d.

Fskj. 20. á 2. bls. reikningsins er 5. lína að neðan útfærð með Kr. 3,60, en virðist að réttu lagi eiga að vera Kr. 3,64. Eru þá 4 a. vantaldir.

26 gr. Gjaldliður 23 e.

1. Fskj. 7. á gasreikningi nr. 760 virðist hafa gleymst að tilfæra leigu fyrir 20 ljósa gasmæli, Kr. 1,10.

2. Fskj. 10 Í gasreikningi nr. 765 fyrir júnímánuð segir, að við síðustu komun hafi mælirinn sýnt 779 tm. eyðslu til ljósa, en í næsta reikningi á undan segir, að hann hafi þá sýnt 766 tm. eyðslu. 13 tm. á 20 a. sýnast eftir því vanreiknaðir, eða Kr. 2,60.

3. Fskj. 29. Reikningi frá Helga Magnússyni & Co., að upphæð Kr. 13,60, er ávísað með þeirri upphæð, en á reikningnum er dregin frá upphæðinni 10% afsláttur = 1,36, svo að þeirri upphæð virðist vera ofávísað.

27. gr. Gjaldliður 23 f.

Fskj. 35. Á nótu 14 júlí, sem fylgir þessu fskj., eru 4½ kg. fernis @ 1,60 talin Kr. 6,80, en ætti að vera Kr. 7,20. Virðast því 40 a. vera vantaldir.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

28. gr.

i Viðurkennist

2. Má væntanlega við svo búið standa.

3. Líkatalan virðist vera 195 og þá er upphæðin Kr.: 46,80 rétt.

29 gr.

i Samkvæmt reikningnum, fsk: 12, virðist stálvírinn vera 46,5 Kg. @ 2/50 og upphæðin eiga vera Kr. 116,25 eins og tilfært er.

2. Viðurkennist.

30 gr.

Viðurkennist.

31

i Viðurkennist

2. Viðurkennist.

3. Viðurkennist

4. Viðurkennist

5. Viðurkennist

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

28 gr. Gjaldliður 23 í.

1. Fskj: 1. og 2. línu reikningsins er vantalið ½ kg. af hveiti @ 0,38 = 19 a.

2 Fskj: 4. þessi reikningur virðist eiga að falla undir gjaldlið 23 h (til skólaeldhússins).

3 Fskj: 12. Fyrri liður reikningsins, 175 l. mjólkur @ 0,24, er talinn Kr. 46,80, í stað Kr. 42,00, svo að Kr. 4,80 eru oftaldar.

29 gr. Gjaldliður 25 g.

1. Fskj. 12. Hér er 1. liður reikningsins, 46 kg. stálvír @ 2,50 talinn Kr. 116,25' í stað Kr. 115,00. Er því oftalið Kr. 1,25'.

2. Fskj: 13. Síðari liður kaupskrárinnar, kaup Kristjáns Einarssonar í 2 tíma @ 60 a. og 24 tíma @ 50 a., er talin Kr. 14,40, í stað Kr. 13,20. Oftalið er því Kr. 1,20.

30 gr. Gjaldliður 28 b.

Fskj: 15. Vextir og kostnaður er reiknað Kr. 24851,85, en virðist samkvæmt fylgiskjölum eiga að vera Kr. 24821,85. Eru þá oftaldar 30 Kr.

31 gr. Gjaldliður 29 a.

1. Fskj: 20. Reikningurinn hljóðar upp á
Kr. 46,90 ÷ afsl. 11,72 = 35,18 en nákvæmara væri
" 46,80 ÷ afsl. 11,70 = 35,10. Eru þá oftaldir 8 aurar.

2. Fskj. 30. Reikningur Tómasar Finnssonar skakt lagður saman, Kr. 35,10 í stað 36,10 Kr., svo að 1 Kr. er vantalin.

3. Fskj: 44. Fyrsti liður reikningsins skakt útfærður, Kr. 32,30, í stað Kr. 31,90. Eru því ofreiknaðir 40 aurar.

4. Fskj: 48. Næst síðasti liðurinn á reikningnum er 87 12-feta borð @ 0,20, og er það látið gera Kr. 104,44. En upphæðin virðist eiga að vera Kr. 208,80 og voru þá Kr. 104,36 vantaldar.

5. Fskj. 55. Reikningurinn skakt lagður saman, Kr. 164,20, í stað Kr. 165,20. Vantalin er því 1. króna.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

6. Viðurkenning

—— " —— " —— " ——

því miður komu athugasemdirnar ekki svo snemma, að mismunur sá, sem verður á tekjum og gjöldum samkvæmt þeim komist inn á reikning fyrir árið 1917.
Athugasemdirnar bárust mér ekki í hendur fyr en 18. þ. m.

Bæjargjaldkerinn í Reykjavík 21 janúar 1919
B. Jósefsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

6. Fskj. 60. Skakt útfærður reikningur, Kr. 36,00, í stað Kr. 33,00. Eru því oftaldar 3 krónur.

Reykjavík 24 sept. 1918

Pétur Lárusson. Þorst. Þorsteinsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Tillögur.

til úrskurðar á reikningi yfir tekjur og gjöld bæjarsjóðs Reykjavíkur árið 1916.

1. gr. Til athugunar eftirleiðis.
2. gr. Athugað.
3. gr. Athugað.
4. gr. Athugað.
5. gr. Upplýst með svarinu.
6. gr. Má við svo búið standa.
7. gr. Sömuleiðis.
8. gr. Sömuleiðis.
9. gr. Sömuleiðis.
10. gr. Sömuleiðis.
11. gr. Sömuleiðis.
12. gr. Sömuleiðis.
13. gr. Sömuleiðis.
14. gr. Sömuleiðis.
15. gr. Sömuleiðis.
16. gr. Sömuleiðis.
17. gr. Sömuleiðis.
18. gr. Sömuleiðis.
19. gr. Sömuleiðis.
20. gr. Sömuleiðis.
21. gr. Upplýst með svarinu.
22. gr. Sömuleiðis.
23. gr. Má við svo búið standa.
24. gr. Upplýst með svarinu.
25. gr. Má við svo búið standa.
26. gr. Sömuleiðis.
27. gr. Sömuleiðis.
28. gr. 1-2. Sömuleiðis.
28. gr. 3. Upplýst með svarinu.
29. gr. 1. Sömuleiðis.
29. gr. 2. Má við svo búið standa.
30. gr. 30 kr. greiðist í bæjarsjóð.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

31 gr. 1-3. Má við svo búið standa.
31. gr. 4. Kr. 104,36 má greiða úr bæjarsjóði.
31 gr. 5-6. Má við svo búið standa.

Reykjavík 3 febrúar 1919

K. Zimsen. Jörundur Brynjólfsson
Þorst. Þorsteinsson.

Samþykt á fundi bæjarstjórnar 20 febrúar 1919
K. Zimsen.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Athugasemdir
við
reikning yfir tekjur og gjöld bæjarsjóðs Reykjavíkur
árið 1917. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Svör.

1. gr.

Ár 1915 er fært til tekna eftirgjald af Eiði fyrir fardagaárið 1915-1916 kr. 182.00. Árið 1916 fært til tekna eftirgjald af Eiði fyrir fardagaárið 1916-1917 með kr: 100.00 en 1917 er ekki búið að greiða eftirgjaldið þegar reikningurinn er saminn og kemur því til tekna á árinu 1918 fyrir fardagaárið 1917-1918.

2. gr.

1. Viðurkennist
2. Viðurkennist
3. Viðurkennist. Upphæðin er greidd 1918.

3. gr.

Mun vera misritun 755 ten.m. í stað 855 ten.m.

Á að vera 855 ten.m. K.Z.

4. gr.

Viðurkennist

5. gr.

Viðurkennist. Oftalið kr: 17.00.

6. gr.

Skráin mun hafa fylgt frá reikningshaldara.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1. gr. Tekjul. 3.

Eftir gjald af Eiði, sem var 100 kr. árið 1916 hefur ekki verið fært til tekna og virðist því ekki hafa verið innheimt á árinu.

2. gr. Tekjul. 5

1. Leiga fyrir húsið Norðurstíg 9 virðist ekki hafa verið greidd fyrir septembermánuð 40 kr. –
2. Leiga fyrir kálgarð Helga Guðmundssonar í Norðurmýrarbletti kr: 3.25 hefur verið tvígreidd.
3. Leiga hefur ekki verið tilfærð fyrir desembermánuð hjá Sigmundi Rögnvaldssyni Suðurpólnum, en samkvæmt athugasemd borgarstjóra hefur hann átt að greiða 19 krónur fyrir þann mánuð.

3. gr. Tekjul. 8.

Samkvæmt bréfi borgarstjóra 10. janr. 1918 hefur verið greitt af Ísfélaginu við Faxaflóa kr: 299.25 fyrir 755 ten. m. af ís á 35 au. Hér skakkar um 100 ten.m. Annaðhvort er teningsmetratalan of lágt tilfærð og á að vera 855 eða að innheimt hefur verið 35 kr. meir en vera bar.

4. gr. Tekjul. 12b

Á fskj. 8 (lista yfir útlátið vatn til skipa í ágúst) er tonnatalan í aftasta dálki skakt lögð saman, á

að vera . . . . . . . . 663 tonn
en er talin - - - . 633

Mismunur 30 tonn.

30 tonn á 75 au. verður kr: 22.50 sem virðist vangoldið í bæjarsjóð.

5. gr. Tekjul. 18a

Samkvæmt fskj. 137 hefur Guðm. Magnússon endurgreitt kr. 13.58, en á yfirlitsfylgiskjalinu er greiðslan talin kr: 30.58. Mismunur kr: 17.00, sem væntanlega má greiða aftur úr bæjarsjóði.

6. gr. Tekjul. 26.

Skrá um aukaniðurjöfnun í september fylgdi ekki með reikningunum.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

7. gr.

Viðurkennist.

8. gr.

1. Viðurkennist.
2. Viðurkennist.

9. gr.

Viðurkennist.

10. gr.

Viðurkennist.

11. gr.

Viðurkennist.

12. gr.

Rétt athugað. Fylgiskjalið Nr. 1042 hafði orðið eftir en er nú komið á réttan stað. Fylgiskjalið Nr. 1659 fékk borgarstjóri til geymslu. – Kvittað skuldabréf Fi/269.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

7. gr. Gjaldal. 2.

Árgjald til Helgafellsprestakalls kr: 204.45 hefur ekki verið greitt þetta ár.

8. gr. Gjaldl. 11. a. 4.

1. Á kaupskrá með fylgiskjali 5 er kaup Steingríms-Jónssonar talið . . . . kr. 20.25
en vinnan talin 44 stundir á 45 au. sem verður — 19.80
Mismunur kr: 0.45
sem væntanlega hefur verið ofgreitt.

2. Á kaupskrá með fskj: 9 er kaup Björns Hjeronymussonar talið kr: 30.90
en vinnan talin 51 stund á 0/60 sem verður — 30.60
Mismunur kr: 0.30
sem væntanlega er ofgreitt.

9. gr. Gjaldliður 11. b. 2

Á fskj. 17 er vinna Árna Ingvarssonar talin 19½ stundir á 80 au. sem verður kr: 15.60
en er í kaupskránni talið — 15.40
Mismunur kr: 0.20
sem væntanlega er vangoldið.

10. gr. Gjaldl. 12

Á kaupskrá með fskj. 7 er vinna Ólafs Þorvarðssonar talin 8 stundir á 40 au. og 46 stundir á 70 au. sem verður kr: 35.40
en er útfært í kaupskránni — 34.40
Mismunur kr: 1.00
sem væntanlega er vangoldinn.

11. gr. Gjaldl. 19.

Á fskj. 59 virðist reikningsupphæðin eiga að vera kr: 54.00
en er talin — 53.00
Mismunur kr: 1.00
sem virðist vangoldin.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

13. gr.
Viðurkennist.
Skjölin hafa verið undirskrifuð af borgarstjóra. K.Z.

14. gr.
1. Viðurkennist.
2. Viðurkennist.

15. gr.
Athugasemdin er að líkindum rétt, enda þó reikningshaldari þykist hafa greitt upphæðina og samkvæmt nótu bankans fært hana til gjalda.

16. gr.
1. Viðurkennist } Skjölin hafa verið undirskrifuð
2. Viðurkennist } af borgarstjóra. K.Z.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## 12. gr. Gjaldl. 20 B.

Fskj. 1842 (kr. 37.50) og fskj. 1659 (kr. 855.92) fylgdu ekki með reikningunum.

## 13. gr. Gjaldl. 22.

Á 4 kaupskrám (fskj. 106. 107. 112, 113) hefur útgjaldaskipunin ekki verið undirskrifuð.

## 14. gr. Gjaldl. 25 B

1. Á fskj. 43 er útfært 12 stunda vinna á 1.50 = 18.60
en á að vera 18.00
Mismunur kr. 0.60
sem virðist ofreitt.

2. Á fskj. 131 er tvisvar talin 13 stunda vinna á 1.50 og útfærð kr: 19.00 í stað kr: 19.50. Reikningsupphæðin er því vantalin um 1 kr.

## 15. gr. Gjaldl. 29 B.

Samkvæmt athugasemd borgarstjóra eiga bæjarsjóði að endurgreiðast kr. 733.33 sem eru vextir af 50,000 króna víxli, sem tekinn var til mótekjunnar, og eru tilfærðir í reikningi hennar, en líka tilfærðir í reikningi bæjarsjóðs (sbr. fskj. 14 við þennan lið)

## 16. gr. Gjaldl. 30 f og g.

1. Bæði í fskj. 45 og 46 við liðinn 30 f vantar undirskrift borgarstjóra undir útgjaldaskipunina. Svo er og um allmargar kaupskrár sem fylgja liðnum 30 g.

2. Fskj. 46 við liðinn 30 f er skakkt lagt saman,
á að vera kr: 98.50
en er í reikningunum — 88.50
Mismunur kr: 10.00
sem virðist því vangreiddar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

17. gr.
1. Viðurkennist
2. Viðurkennist.

18. gr.
Viðurkennist.

Reykjavík 31. Júlí 1920
B. Jósefsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

17. gr. Gjaldl. 34.

1. Samkvæmt áritun borgarstjóra í fskj. 7 er lóðargjald fært niður um kr. 3.14 en á yfirlitsskjali er niðurfærslan talin kr: 3.64 eða 50 au. of há, sem eftirstöðvar 1917 eiga að hækka um.

2. Samkvæmt áritun borgarstjóra á fskj: 25 er salernahreinsunargjald 1917 fært niður í kr: 2.30 úr kr. 2.50 eða um kr. 2.70, en á yfirlitsfylgiskjali með gjaldliðunum er niðurfærslan talin kr: 2.30 eða oflágt um 40 aura. Ber því að hækka eftirstöðvar 1917 um þá upphæð.

18. gr. Gjaldl. 35.

Á fskj. 8 er skökk samlagning. Á að vera kr: 338.06
en er — 332.26
Mismunur kr: 5.80
sem eftirstöðvar eiga að hækka um.

Reykjavík 22. maí 1920

Pjetur Lárusson    Þorst. Þorsteinsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Tillögur

til úrskurðar á reikningi yfir tekjur og gjöld bæjarsjóðs árið 1917.

---

Athugasemdir endurskoðenda úrskurðast þannig:

1. gr. Til athugunar við endurskoðun reiknings 1918.
2. gr. 1. 40 kr. ber að innheimta og greiða í bæjarsjóð
2. Kr: 3.25 má endurgreiða úr bæjarsjóði
3. Til athugunar við endurskoðun reiknings 1918.

3. gr. Upplýst með svarinu.
4. gr. Kr: 22.50 ber að innheimta og greiða í bæjarsjóð.
5. gr. Kr. 17.00 má endurgreiða úr bæjarsjóði.
6. gr. Má við svo búið standa
7. gr. Til athugunar við endurskoðun reiknings 1918.
8. gr. Má við svo búið standa.
9. gr. sömuleiðis.
10. gr. sömuleiðis.
11. gr. sömuleiðis.
12. gr. Fullnægt.
13. gr. Fullnægt.
14. gr. Má við svo búið standa.
15. gr. Má við svo búið standa.
16. gr. 1. Fullnægt.
— 2. Má við svo búið standa.
17. gr. 1. 50 aurar greiðist í bæjarsjóð
— 2. 40 aura má endurgreiða úr bæjarsjóði.
18. gr. Eftirstöðvar teljist kr: 5.80 hærri enn í reikningnum.

Reykjavík 21. ágúst 1920

K. Zimsen. Þorvarður Þorvarðsson. Pjetur Lárusson.

---

Samþykkt á fundi bæjarstjórnar 2. sept. 1920

K. Zimsen.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Athugasemdir
við
reikning yfir tekjur og gjöld bæjarsjóðs Reykjavíkur
árið 1918.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Svör.

1. gr.
Viðurkennist.

2. gr.
Viðurkennist.

3. gr.
Viðurkennist.

4. gr.
Rétt athugað. Er skakkt ávísað, en mun eftir atvikum óinnheimtanlegt.

5. gr.
Fylgiskjalið vantar ekki.

6. gr.
Viðurkennist.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1. gr. Tekjul. 5.

Á skrá um leigugjöld af húsum, túnum og lóðum (fskj. 8) er samlagning á bls: 2 kr. 2453.15 en virðist eiga að vera 2443.15. 10 kr. mun því mega endurgreiða úr bæjarsjóði

2. gr. Gjaldl. 3a

Kostnaður við bæjarstjórnarkosningu útlagður af Magnúsi Gunnarssyni er samkvæmt reikningi með fskj. 4 kr: . . . . 452.35
en ávísað og greitt 422.35
Mismunur kr: 30.00
sem væntanlega má greiða úr bæjarsjóði.

3. gr. Gjaldl. 14.

Á fskj. 177 (reikningi frá Jóni Jóhannssyni) er samlagning skökk, kr: 70.20 í stað kr: 80.25. Mismunur kr: 10.05, sem mun væntanlega mega greiða.

4. gr. Gjaldl. 22.

Á fskj. 77 eru fluttar kr: 325.50 frá öðrum reikning og lagt saman eftir því, en á þeim reikningi er upphæðin kr: 325.00. Ofgreiddir eru því 50 aurar, sem væntanlega teljast til ábyrgðar.

5. gr. Gjaldl. 28. e. l.

Fylgiskjal 3, reikningur frá Helga Magnússyni & Co fyrir krónum 190.08 vantar.

6. gr. Gjaldl. 28. e. 4

Á kaupskrá fskj. 10 er hjá Einari Einarssyni talið 17 tímar á 80 aura sem verður kr: 13.60
en er útfært — 12.60
Mismunur kr: 1.00
sem væntanlega má greiða.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

7. gr.
Rétt athugað. Reikningurinn borgaður samkvæmt ávísun.

8. gr.
Rétt athugað. Borgað samkvæmt ávísun, en mun atvika vegna óinnheimtanlegt.

9. gr.
Viðurkennist.

10. gr.
1. viðurkennist.
2. viðurkennist.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

7. gr. Gjaldl. 28 e. 5.

Á fskj. 10 eru 5 rúður á 1/20 reiknaðar kr: 11.00
en virðist eiga að vera — 6.00
Mismunur kr: 5.00
telst væntanlega til ábyrgðar.

8. gr. Gjaldl. 28 e. 7.

Á kaupskrá fskj. 1 er kaup Egv. Þorsteinssonar
43 tímar á 75 aura útfært kr: 39.75
í staðinn fyrir — 32.25
Mismunur kr: 7.50
telst því væntanlega til ábyrgðar.

9. gr. Gjaldl. 34.

Á fskj. 32 er burtfallin lausafjártíund frá 1912 talin kr: 10.16 en mun eiga að vera kr: 12.16 Eftirstöðvar eiga því að lækka um 2 kr. en sjóðeign lækkar að sama skapi. 2 kr. mun því mega greiða úr bæjarsjóði.

10. gr. Gjaldl. 35 e.

1. Á fskj. 11 er samlagning skökk á 37. bls: kr: 63.597.60 í staðinn fyrir kr: 63.594.60. Útistandandi skuldir eru því ofhátt taldar um 3 kr. en sjóðeign of lág um sömu upphæð. 3 krónur ber því væntanlega að telja til ábyrgðar.
2. Á fskj. 12 er samlagning kr: 1630.78, en samkvæmt hinum einstöku tilfærðu upphæðum á hún að vera kr. 1630.28. Útistandandi skuldir virðast því taldar 50 aurum of hátt, en sjóðeign 50 aurum of lágt. 50 aura ber því væntanlega að telja til ábyrgðar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

11. gr.
krefur ekki svars.

Reykjavik 27. Juli 1921
B. Jósefsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

11. grein.

Allvíða höfum við rekist á skekkjur í fylgiskjölum, sem við þó ekki höfum hirt um að tilgreina sjerstaklega, þar sem þær nema aðeins nokkrum aurum, sem ýmist eru oftaldir eða vantaldir. Bæumst við við því, að við það megi standa, þar sem það mundi valda nokkurri fyrirhöfn að leiðrjetta þær skekkjur, en árangur hinsvegar sáralítill, þar sem skekkjurnar á báðar hliðar mundu að líkindum nokkurnvegin jafnast upp.

Reykjavík 24. júní 1921

Pjetur Lárusson Þorst. Þorsteinsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Tillögur

til úrskurðar á framanskráðum athugasemdum.

1. gr. 10 kr. má greiða úr bæjarsjóði
2. gr. 30 kr. má greiða úr bæjarsjóði.
3. gr 10 kr. og 5 aura má greiða úr bæjarsjóði.
4. gr. Má við svo búið standa.
5. gr. Upplýst með svarinu
6. gr. Má við svo búið standa
7. gr. Má við svo búið standa
8. gr. Má við svo búið standa
9. gr. Til athugunar við samning næsta reiknings.
10 gr. a. 3 kr. ber að greiða í bæjarsjóð
10. gr. b. 50 aura ber að greiða í bæjarsjóð.
11. gr. Gefur ekki tilefni til úrskurðar.

Þannig samþykt á bæjarstjórnarfundi 4. þ.m.

Borgarstjórinn í Reykjavík 20. ágúst 1921

Sig. Jónsson
settur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Athugasemdir

við

reikning yfir tekjur og gjöld bæjarsjóðs Reykjavíkur

árið 1919. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Svör.

## 1. gr.

Skilagrein vörslumanns fyrir hagatolli fylgir hérmeð. Sömuleiðis skilagrein umsjónarmanns með hestum bæjarins, sem er í sérstakri bók, svo og greinagerð um notkun bifreiða.

K. Zimsen.

## 2. gr.

Athugasemdin virðist gefa tilefni til að athugað verði, hvernig bókfærslu í þessu skuli hagað framvegis og þykir mér rétt að fara eftir tillögu endurskoðenda þá efnisskjöld og efnahagsreikningur er gjörður.

K. Zimsen

## 3. gr.

Upphæðin á fylgiskjalinu er rétt samkvæmt vinnudagbók, en við afritun kaupskrárinnar hefur fallið úr nafn eins manns, sem hafði kr: 30.75 kaup.

K. Zimsen.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## 1. gr.

Fyrir hagatollinum (tekjul. 7.) er engin skilagrein gerð í fylgiskjölunum önnur en sú, að skýrt er frá, að vörslumaður bæjarlandsins hafi innheimt upphæðina 2000 kr. og greitt hana í bæjarsjóð. Virðist þetta ófullnægjandi, enda hefur áður fylgt með skilagrein þar sem skýrt hefur verið frá, hve margir gripir hafi gengið í bæjarlandinu og um hve langan tíma.

Fyrir tekjunum af hestum og bifreiðum bæjarins (tekjul. 28) er heldur engin skilagrein í fylgiskjölunum, og er þar þó um allmiklar upphæðir að ræða, kr: 21391.64 tekjur af hestunum og 4478 kr. tekjur af bifreiðunum, svo að sjálfsagt virðist að gerður væri sundurliðaður reikningur yfir það fje.

## 2. gr.

Á árinu hafa verið seldar allmargar lóðir, einkum sunnan í Skólavörðuholtinu, en þær hafa fæstar verið borgaðar að fullu, heldur hafa verið gefin út skuldabréf fyrir mestum hluta kaupverðsins; en hvað það hefur verið alls, sést ekki á fylgiskjölunum, heldur aðeins hvað borgað hefur verið, en það hefur verið, auk 141816 krónum frá landssjóði fyrir spítalalóðina, kr: 28946.51 og þar að auk kr: 423.21 vextir af ógreiddu lóðaandvirði. Réttara virðist, að tilgreint hefði verið í þessum lið allt andvirði hinna seldu lóða, en upphæð hinna útgefnu skuldabréfa hefði hefði verið tilfærð gjaldamegin, sem lán veitt hlutaðeigandi mönnum.

## 3. gr.

Tskj. 302 (kaupskrá við grjótvinnu til Laugavegar)
hefur verið lagt saman . . . . kr: 252.90
en er rétt samanlagt samkv. hinum einst. liðum — 222.15
Mismunur kr: 30.75
sem væntanlega telst til ábyrgðar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4. gr.
Athugasemdin er rétt.

5. gr.
Fylgiskj. nr. 909 er ranglega fært í sjóðbók 1919, á að vera og er fært til gjalda á árið 1918.
Fylgiskjalið nr. 4785 hefur sennilega ruglast eða glatast, en kvittun fyrir greiðslunni fylgir hér með.
Kvittanir fyrir innlögum á reikningslán liggja í skjölum borgarstjóra.

6. gr.
Árlega er strikað út af gömlum skuldum það, sem telst alveg ófáanlegt, en skuldir látnar standa, ef nokkur von telst um að þær fáist greiddar.

7. gr.
Skuldaskráin er árlega færð á bók hjá bæjargjaldkera og svo var og fyrir árið 1919, en láðst hefir að láta eftirrit fylgja reikningnum.
Verið að semja efnahagsreikning bæjarsjóðs 31. des. 1921.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4. gr.

Svo fskj: eru merkt með nr. 8199 en aðeins annað þeirra (að upphæð kr. 14.40) er tilfært í sjóðbók og höfuðbók. Hitt, sem eru nokkrir samfastir reikningar frá Vísi fyrir auglýsingar viðvíkjandi barnakenslu, að upphæð kr: 173.20, finst hvorki í sjóðbók né höfuðbók, en upphæðinni hefur verið ávísað á gjaldlið 23: 1919 og reikningarnir eru allir kvittaðir, svo að sýnilegt er, að þeir hafa verið greiddir, enda þótt þeir ekki hafi verið færðir inn og því ekki komið til reiknings. Þar sem upphæð þessi virðist þannig vantalin, virðist mega færa hana til útgjalda úr bæjarsjóði.

5. gr.

Í fylgiskjölin vantar 909 (reikning frá Zimsen fyrir kr: 168.70 á gjaldl. 18c.) og nr 4785 (reikn. frá Páli Stefánssyni fyrir kr: 70.30 á gjaldlið 19d.) Ennfremur vantar fylgiskjöl með innlögum á reikningslán, en það kemur að vísu ekki að baga, því að mismunurinn á innlögum og úttekt á árinu kemur heim við mismuninn á upphæð lánsins í ársbyrjun og árslok.

6. gr.

Eftirstöðvar í árslok eru minni heldur en að undanförnu, en það stafar mest af því, að á árinu hefur verið felt óvenjulega mikið burtu úr eftirstöðvunum sem ófáanlegt, kr: 23032.04 frá árinu 1919 og kr. 83521.63 frá eldri árum. Samt eru enn tilfærðar nokkrar eftirstöðvar alt að því 9 ára gamlar. Eru það alt saman smáupphæðir og flest hjá mönnum, sem ótrúlegt er að mundu færast undan að borga, ef þeir væru krafðir, nema þeir álitu kröfuna ranga. Þyrfti sem allra fyrst að ganga eftir þessum gömlu eftirstöðvum og fá þær greiddar eða þá vissu um, að þær væru ófáanlegar, svo að þær gætu horfið af reikningunum.

7. gr.

Reikningnum fylgdi engin skrá um skuldir bæjarsjóðs, eins og þó hefur verið að undanförnu. Annars ber brýna nauðsyn til þess, að samin verði fullkominn efnahagsreikningur fyrir bæjarsjóð, er fylgi bæjarreikningnum, þar sem tilfærðar séu allar eignir og skuldir bæjarsjóðs, enda á svo að vera lögum samkvæmt.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

8. gr.

Skýringar við reikninginn voru ekki sendar vegna þess, að bæjarstjórnin fann að því að of mikla væri kostað til prentunar á þeim árið 1918

K. Zimsen.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

8. gr.

Með þessum reikningi fylgdu ekki neinar athugasemdir og skýringar frá borgarstjóra eins og að undanförnu. Söknum við þeirra mjög mikið og teljum mjög illa farið, ef sú venja legst niður aftur, að láta reikningunum fylgja slíkar skýringar. Okkur kom til hugar að reyna að bæta úr þessu að þessu sinni, með því að gera eftir fylgiskjölunum samskonar skýringar, en bæði er það, að úr fylgiskjölunum fæst eigi nema nokkur hluti þeirra skýringa, sem borgarstjóri getur látið í té, og í annan stað er það, að útgjaldafylgiskjölunum nú ekki er raðað eftir útgjaldaliðum heldur öllum saman áframhaldandi eftir því hvenær þau hafa komið til útborgunar.

Við treystum okkur því ekki til þess að leggja út í þetta verk, þar sem það líka hefði hlotið að verða miklu ófullkomnara hjá okkur heldur en ef borgarstjóri gerði það. En við búumst við, að bæjarfulltrúarnir, hver nauðsyn er að hafa slíkar skýringar með reikningunum og geri ráðstafanir til þess, að haldið verði áfram þeirri venju, sem komin var í þessu efni.

Reykjavík 29. des. 1921

Pjetur Lárusson. Þorst. Þorsteinsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Tillögur

## til úrskurðar á framangreindum athugasemdum.

1. gr. Fullnægt með svarinu.
2. gr. Til athugunar framvegis.
3. gr. Upplýst með svarinu.
4. gr. 173 kr. 20 aura má greiða úr bæjarsjóði.
5. gr. Fullnægt með svarinu.
6. gr. Til athugunar framvegis.
7. gr. Fullnægt með svarinu.
8. gr. Til athugunar framvegis.

Tillögurnar samþyktar á bæjarstjórnarfundi 19. janúar 1922.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Athugasemdir
# við
# reikning bæjarsjóðs Reykjavíkur
# árið 1920.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Svör.

1. gr

Samkvæmt sjóðbók og sjóðuppgerð hinn 7/12 '20 hefur reikningunum verið greiddir einsog ámisaðer með Kr 202.00. Þegar skekkjunnar varð vart, við samanburð, var talað við forstjóra verzl. „Breiðablik". Hann sagði innheimtumann hafa afhent sér aðeins Kr 102.00, meira gat hann ekki upplýst.

2. gr.

Virðist rétt athugað.

3. gr

Samkvæmt aðalbók er fylgir reikningnum frá folio 58 sýnt, að lán hafa verið tekin Kr: 1.738.946.94 og að lán hafa verið borguð – 1713868.01, og virtist nægja að tilfæra mismuninn Kr 25078.93 auk Kr 5,83 sem hafði verið fært skakt á skuldaskrá næsta ár á undan.

4. gr.

Efnahagsreikningur hefur enn ekki verið gerður; fylgir væntanlega næsta reikningi.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1. gr.

Fskj 7832 er að upphæð kr 102.00, en áritað hefur verið kr 202.00 og er sú upphæð færð til reiknings í sjóðbók og aðalbók. 100 kr. virðist því bera að endurgreiða í bæjarsjóð. Fskj. fylgir hérmeð.

2. gr.

Fskj 7949 er að upphæð kr 921.23 en er áritað kr 921.43 og er sú upphæð færð til reiknings í sjóðbók og aðalbók. 20 aura virðist því bera að endurgreiða í bæjarsjóð. Fskj. fylgir hér með

3. gr.

Á áætluninni fyrir 1920 er gert ráð fyrir, að afborganir af lánum séu tilfærðar á sjerstökum gjaldlið (gj. l. 56) eins og að undanförnu, en í reikningnum hefur þessum gjaldlið verið slept, hann dreginn frá lánum bæjarins, svo að tekjumegin er aðeins tilfærð aukning á skuldum á tekjulið 35. Virðist það mjög óheppilegt, að reikningurinn beri ekki með sér, hve mikið fé hefur verið varið til afborgana af lánum og heldur ekki, hve mikið bærinn hefur tekið til láns á árinu.

4. gr.

Efnahagsreikningur bæjarsjóðs fylgdi ekki með bæjarreikningnum heldur aðeins skrá um skuldir bæjarsjóðs

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

5. gr.

Bæjarstjórnin ætlaðist til að reikningur vatnsveitunnar væri aðskilinn frá almennum reikningi bæjarsjóðs á sama hátt og reikningur gasstöðvarinnar að undanförnu. Reikningur og efnahagsreikningur vatnsveitunnar fylgir bæjarsjóðsreikningnum.

6. gr.

Svo var litið á, að þessar eftirstöðvar væru ekki það tryggar að vissa væri fyrir að þær fengjust greiddar, þessvegna voru þær ekki taldar með eignum vatnsveitunnar. En að sjálfsögðu teljast þær með í næsta reikningi sem greiddar eða ógreiddar.

Reykjavík 31. ágúst 1922.

B. Jósefsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

5. gr.

Þetta ár hefur vatnsveitan verið tekin út úr bæjarreikningnum og gerður fyrir hana sérstakur reikningur alveg laus við bæjarreikninginn. Það er að vísu mjög gott að hafa sérstakan reikning um slíkt fyrirtæki sem vatnsveitan er, því sem glöggt sjáist, hvernig því hefur farnast á árinu, en hinsvegar virðist samt óþarft eða jafnvel rangt að láta það vera alveg fyrir utan bæjarreikninginn eins og slíkt fyrirtæki kæmi honum ekkert við. Tekjuafgangurinn á árinu eða tekjuhallinn ætti að koma inn í bæjarreikninginn og ætti þá innanstriks að taka upp tekna-upphæðina alls og útgjaldaupphæðina alls, en færa út mismuninn. Sama máli virðist gegna um fyrirtæki eins og gasstöðina og rafmagnsstöðina. Og eignir og skuldir þessara stofnana ættu einnig að koma inn í efnahagsreikning bæjarsjóðs. Bæjarreikningurinn sjálfur ætti að gefa sem best yfirlit um allan hag bæjarins og þá einnig ná til þessara fyrirtækja, en reikningar þeirra yrðu þá nánari útskýring á bæjarreikningnum að því er þessar stofnanir snertir.

6. gr.

Eftirstöðvar af vatnsskatti 1920 kr 2984,70. hafa verið teknar út úr eftirstöðvum bæjarsjóðs til yfirfærslu á reikning vatnsveitunnar. En það sést ekki á reikningi vatnsveitunnar að þessar eftirstöðvar séu þar tilfærðar.

Reykjavík 8. júlí 1922.

Pétur Magnússon. Þorst. Þorsteinsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Tillögur

til úrskurðar á framangreindum athugasemdum.

1. gr.

Upplýst með svarinu. Má við svo búið standa.

2. gr.

Má við svo búið standa.

3. gr.

Til athugunar framvegis -

4. gr.

Gefur ekki tilefni til úrskurðar.

5. gr.

Til athugunar framvegis.

6. gr.

Til athugunar framvegis.

Tillögurnar samþyktar á bæjarstjórnarfundi 7. sept 1922.

K. Zimsen.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

276 auðar blaðsíður

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reyk

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

SKJALASAFN
REYKJAVÍKURBÆJAR

# Athugasemdir og svör

## við reikning

## bæjarsjóðs Reykjavíkur 1909

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# *Svör.*

1. gr.

Mismunurinn felst í aths. neðanmáls við reikninginn 1908 eins og endurskoðendur gizka á. Athugasemdin er reikningslega réttmæt, þó hún hafi engin áhrif á upphæð reikningsins.

Reikningshaldari tekur hana til greina framvegis.

2. gr.

Dálkarnir í lóðargjaldaskránni hafa nú verið lagðir saman og við samlagninguna hefir það komið í ljós, að lóðargjöldin eru vantalin um kr. 2.52, sem verða greiddar í bæjarsjóð.

3. gr.

Lagfært með vottorði borgarstjóra.

4. gr.

Franski konsúllinn hefir verið krafinn um laugatollinn bæði munnlega og skriflega, en ekki borgað; sagt kröfuna ólögmæta.

5. gr.

Reikningshaldari spurði bæjarfógeta um seglfestugjald, en hann kvað enga seglfestu hafa verið tekna, sér vitanlega, í landeign kaupstaðarins árið 1909.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Athugasemdir

## við reikning bæjarsjóðs Reykjavíkurkaupstaðar 1909.

*Tekjuliðin.*

1. gr.

1.—3. Eftirstöðvarnar eru ekki, að því er liðina 1. a, 2. i og 3 c snertir, samhljóða tilsvarandi liðum í reikningnum fyrir 1908, nema því að eins, að athugasemdin á þeim reikningi sé tekin með og liðnum í þeim reikningi breytt samkvæmt henni; þessa er getið vegna þess, að áríðandi er að færa eftirstöðvarnar úr einum reikningi í annan óbreyttar.

2. gr.

T. 2. Við reikninginn fyrir 1908 gjörðum vér þá athugasemd, að summa gjaldanna af bygðri og óbygðri lóð kæmi ekki heim við gjöld þessi samanlögð á lóðargjaldaskránni. Þetta var viðurkent, en látið við svo búið standa. Í lóðargjaldaskrá þeirri, sem fylgir reikningnum fyrir 1909, er það ráð tekið að leggja framannefnda tvo dálka ekki saman. Vér vitum ekki hvort það er skylda gjaldkera, fjárhagsnefndar eða borgarstjóra, en hyggjum þó, að gjaldkeri eigi að fá skrá þessa sæmilega úr garði gerða, samanlagða og undirskrifaða frá borgarstjóra til innheimtu.

3. gr.

T. 5. Skilríki vantar fyrir því, að bænum hafi einmitt borið þessar tekjur, sem hér eru tilfærðar; þær eru áætlaðar 1000 kr., en innheimtar með 351 kr.

4. gr.

T. 9. Hví hefir enginn laugatollur greiðst á reikningsárinu?

5. gr.

T. 10. Hví hefir sömuleiðis ekkert seglfestugjald greiðst?

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

6. gr.

Af þessum 975 kr. hafa greiðst á árinu 200 kr. frá Bjarna Jónssyni.

Eftir standa:

| | |
|---|---|
| hjá Einari Benediktssyni . . . | 8 kr. |
| — Bjarna Jónssyni . . . . | 267 — |
| — Guðmundi Sveinssyni . . | 500 — |
| Samtals | 775 kr. |

7. gr.

Reikningshaldari vísar til skýrslu byggingarfulltrúans og á gjaldlið 24, 2 h. í bæjarsjóðsreikningnum 1909.

Annars gefur þetta tilefni til að minna á það, sem bent er á í svari gegn 8 gr. í aths. við reikning bæjarsjóðs 1908, að byggingarleyfisgjöld séu innheimt jafnhliða og leyfin eru veitt.

8. gr.

Athugað.

9. gr.

Reikningshaldari hefir af vangá fært tvisvar þær 20 kr., sem Ólafur Ólafsson borgaði 31. des. 1909.

10. gr.

Mánaðarleigan er ákveðin af bæjarstjórninni, sjá fylgiskjal við tekjulið C. b. e. 1908, en leigutíminn er færður eftir frásögn Júlíusar Guðbrandssonar, dyravarðar í barnaskólanum, og er auðvelt að fá vottorð hans ef þess er óskað.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

6. gr.

T. 11. Vér minnum hér á 7. gr. í athugasemdunum við bæjarreikninginn fyrir 1908, viðvíkjandi útistandandi lóðarandvirði samkvæmt úrskurði, 975 kr.

7. gr.

T. 13. Hvernig stendur á þessari 21 kr. 12 a. á fylgiskjali 13 fyrir byggingarleyfi?

8. gr.

T. 15. Vér gjörðum athugasemd við hundaskattinn í fyrra og er henni að nokkru fullnægt. Eftir tekjugreininni 172 kr., sbr. við lög nr. 18, 22. maí 1890, ættu 17 til 18 hundar að vera í Reykjavíkurumdæmi. Vér skulum leiða athygli bæjarstjórnar og borgarstjóra að þessu jafnframt því og vér vísum til laga nr. 6, 12. júlí 1878, 5., 6. og 7. gr.

9. gr.

T. 16. Vér fundum að því í fyrra, að ekki lægi fyrir vottorð borgarstjóra eða fjárhagsnefndar um, að bænum hafi þá einmitt borið þær endurgreiðslur, sem tilfærðar voru í reikningnum. Úr því er nú bætt með vottorði borgarstjóra á skýrslunni. Í skránni er Ólafur Ólafsson talinn að hafa endurgreitt 85 kr. sveitarlán, en hefir fengið 65 kr. sveitarlán á árinu; eftir því hefði hann átt að standa í eldri sveitarskuld; en þar sem vér af tilviljun vitum það, að svo muni ekki vera, en af fylgiskjölunum er ekki hægt að sjá það, þeim fylgja engar upplýsingar um útistandandi eldri sveitarlán, hefir gjaldkeri líklega fært endurgjaldið of hátt um 20 kr. . . . Vér göngum út frá því, að einhverir listar eða upplýsingar séu um slík lán eldri, og endurstyrkveitingar, því hér gæti á stundum verið endurgjalds að vænta og þyrfti því að gæta að ekki fyrntust.

10. gr.

T. 18. Það vanta öll fylgiskjöl um leigu frá íþrótta- og ungmennafélögum Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

11. gr.

Gjöldin eiga að innheimtast af lögreglustjóra og skýrsla hans að fylgja.

12. gr.

Athugað.

13. gr.

Athugað.

14. gr.

Það hefir enn eigi tekist að innheimta upphæð þá, er hér um ræðir, og er ekki hægt nema með sérstakri málssókn.

15. gr.

Þeirri reglu hefir jafnan verið fylgt og er í samræmi við brunamálalögin, að bæjarsjóður borgi vinnu þá, sem látin er í té við eldsvoða eftir að slökkviliðinu hefir verið veitt heimfararleyfi, hvort heldur vinnan er látin í té við að slökkva síðustu glæðurnar eða til þess að halda vörð við brunarústirnar til að gæta hvort eldur blossar upp á ný.

16. gr.

Á þessu stendur þannig, að meðlag með þessum ómaga hafði verið greitt fyrirfram, en hefir enn þá ekki fengist endurgreitt hjá framfærslumanni.

17. gr.

Rétt athugað.

Borgarstjóri fekk reikninginn til að senda hann stjórnarráðinu, sjá svar gegn 30. gr., aths. 1908.

Völundi var borgaður húsaleigustyrkur Mörtu Markúsdóttur og fylgir kvittun hans hér með.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

11. gr.

T. 19. Fylgiskjöl vanta um gjöld Leikfélags Reykjavíkur og biografleikhússins, svo og nokkra samsöngva og sýningar; því skal þess vegna skotið til athugunar borgarstjóra og fjárhagsnefndar, hvort tekjur þessar séu rétt taldar í reikningnum.

12. gr.

T. 20. Frumrit niðurjöfnunarskrárinnar vantar og verður því ekki séð, hvort hún hefir legið frammi ákveðinn tíma; frumritið virðist ávalt eiga að fylgja reikningnum.

*Gjaldahliðin.*

13. gr.

G. 11. Til athugunar fyrir fjárhagsnefnd og bæjarstjórn skal getið, að sumir af liðum þessum hafa farið ekki alllítið fram úr áætlun, en aðrir náð ekki nærri áætlun; hvort það síðara stafar af því, að störf þau, er veitt var til, hafa ekki verið framkvæmd að sama skapi og til var ætlast, getum vér ekki séð af reikningnum eða fylgiskjölunum.

14. gr.

Vér minnum hér á 24. gr. í athugasemdunum við reikninginn fyrir 1908, viðvíkjandi 590 kr., sem voru óinnheimt holræsatillög.

15. gr.

G. 16. Á fylgiskjali 5 hafa verið greiddar 47 kr. 55 a. fyrir vinnu út af húsbruna. Vér æskjum upplýsinga um, eftir hvaða reglum greitt er úr bæjarsjóði við áþekk tækifæri.

16. gr.

G. 18 a. Samkvæmt fylgiskjali 38 virðist styrkur handa Guðrúnu Ágústsdóttur tvíborgaður á tímabilinu frá 14 maí til 30. júní 1909 með 12 kr. 50 a

17. gr.

G. 18 b. Fylgiskjal (61) fyrir 549 kr. 22 a. til Kristjönu Jóhannesdóttur vantar. Fylgiskjal (474) fyrir 24 kr. til Mörtu Markúsdóttur vantar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

18. gr.

Athugasemdin er rétt.

19. gr.

Reikningshaldari áleit fullnægjandi að umrædd upphæð væri færð í báðum reikningunum, þar sem þeir voru sendir jafnhliða hvor öðrum sömu endurskoðendum. Engu að síður er hann fús til að láta kvittun fylgja framvegis, ef þess er óskað.

20. gr.

Reikningshaldari álítur óþarft að afrita eftirstöðvalista næsta árs á undan. Hann er ætíð til og getur án fyrirhafnar fengist til samanburðar. En að séð verði frá hvaða ári skuldin sé, getur haft þýðingu, og frá byrjun ársins 1908 er það hægt, en naumast lengur aftur í tímann.

Þegar núverandi reikningshaldari byrjaði, var honum afhent skrá yfir ógreidd gjöld frá árunum 1903, 4., 5., 6. og 7 og mun naumast unt að sjá, hvað er frá hverju árinu um sig.

Rétt er að ógreiddu gjöldin eru fullum 13 þús. kr. hærri í árslok 1909 en við næstu árslok á undan. Þetta er bæði ilt og ískyggilegt, en reikningshaldari getur ekki fundið að sökin sé sín. Hann hefir varið af launum sínum eins miklu og hægt mun með sanngirni að heimta til innheimtunnar og ekkert, sér vitanlega, látið á vanta af því, er honum bar að gera.

En þegar árin eru borin saman, kemur fleira til greina en þessar tölur einar.

Árið 1908 er 77 þús. kr. jafnað á 2300 gjaldendur, en árið 1909 er 90,000 kr. jafnað á um 3200 gjaldendur. Þegar þessara hlutfalla er gætt, er upphæðin ekki eins óskiljanleg, því eðlilegt er, að því hærri sem aðalupphæðin er, því hærri verður hin óborgaða, og því fleiri sem gjaldendurnir eru, því óvissari verða tekjurnar, einkum þegar fjölgunin felst aðallega í jafnskeikulum gjaldendum, eins og vinnukonurnar reyndust árið 1909.

Ennfremur má benda á, að í þessum mismun felst $3^1/_2$ þús. kr. styrkur til utanbæjarþurfamanna og um 2 þús. kr. hjá öðrum hreppum fram yfir næstu ár á undan.

Annars hafa flest önnur ógoldin gjöld lækkað:

| | |
|---|---|
| Túngjald um nær . . . . . | 300 kr. |
| Skólagjald um nær . . . . | 200 — |
| Sótaragjald um nær . . . . | 200 — |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

18. gr.

G. 19. Samkvæmt fylgiskjali 154 er húsaleiga handa Árna Þorvarðssyni tvíávísuð og tvíborguð fyrir febrúarmánuð 1909 með 6 kr.

19. gr.

G. 21. Fylgiskjal (12) fyrir 265 kr. 60 a. greiðslu til brunabótasjóðs vantar, en er tilfært á reikningi brunabótasjóðsins, sem fylgdi reikningnum.

20. gr.

G. 24. l. a-b, sbr.

T. 1. a-b. Það er erfitt og krefur mikla vinnu að átta sig á og rannsaka eftirstöðvaliði reikningsins, bæði tekjumegin í byrjun reikningsins og gjaldamegin í lok hans, — þessir liðir eru þó mikils virði, á þeim veltur ballance reikningsins —, því fylgiskjölin við þessa liði eru mjög ófullkomin frá einu ári til annars; öll ógreidd og útistandandi gjöld til ársloka undanfarandi reikningsárs (in casu 1908) eru sett saman á lista og það sést ekki einu sinni, að þau séu flokkuð eftir árum. Úr þessu verður að bæta framvegis með því að láta reikningnum (þ. e. 1910) fylgja sem fylgiskjal við eftirstöðvaliðina frá árinu á undan (tekjumegin í byrjun reikningsins) eftirrit af fylgiskjölunum við gjaldlið hins fyrri reiknings (þ. e. eftirstöðvaliðinn gjaldamegin í reikningnum 1909); það verður að geta sést ljóst og fyrirhafnarlítið, hverjar eftirstöðvar eru greiddar á árinu og hverjar færðar áfram sem eftirstöðvar við reikningslokin, og röðin verður að vera ár frá ári hin sama á listunum, aðeins með úrfellingum fyrir borgun eða úrskurði (úrfellingar) bæjarstjórnar. Ef þessu er komið svo fyrir, er það bæði reikningslega réttast og hægast fyrir endurskoðendur að átta sig á eftirstöðvunum, enda nauðsynlegt fyrir stjórn bæjarins til þess að hún geti haft eftirlit með, að endurgjaldsvænlegar skuldir og kröfur fyrnist ekki, sbr. hin nýju lög um fyrning skulda.

Eftirstöðvarnar, ógreidd gjöld, voru við reikningslokin 1909: kr. 30004.65 og er það tiltölulega há upphæð; vér skulum því skjóta því til borgarstjóra og fjárhagsnefndar að athuga listana yfir ógreiddu gjöldin og hvort ekki sé hægt að gjöra eitthvað til að lækka eftirstöðvarnar; við árslok 1908 voru þær ekki nema kr. 16.974.28; verði eitthvað að telja ófáanlegt eða litla von um endurgreiðslu á, þá er það óþörf fyrirhöfn að vera að færa það úr einum reikningi í annan, enda þarf við það mikla athugasemi, eins og á undan greinir.

---

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

En þetta er alls ekki sagt til að mótmæla athugasemdinni. Enginn finnur meira til þess en reikningshaldari hve mikils er hér á vant. Og þó hann hafi síðastliðið ár, 1910, varið nokkuð á annað þús. kr. af launum sínum til innheimtunnar og skrifstofuhalds fyrir utan sína vinnu, sér hann að meira mætti gera og meira þyrfti að gera, ef unt væri að kosta meiru til.

Borgarstjóri og bæjargjaldkeri Reykjavíkur, 9. febr. 1911.

**Páll Einarsson.** **Borgþór Jósefsson.**

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Að lokum skal þess getið, að vér höfum ekki getað lokið endurskoðuninni fyr, bæði vegna annríkis okkar og vegna þess, að endurskoðun reikningsins og fylgiskjalanna er nú orðið mikið verk. Að ætlast til að verk þetta, sem þó verður að telja þýðingarmikið fyrir stjórn bæjarins, sé áfram unnið endurgjaldslaust, er ekki sanngjarnara en ef ætlast væri til að bæjargjaldkeri fengist enn þá fyrir 75 ríkisdala árslaun, eins og honum var ætlað á þeim tíma (sbr. samþ. um stjórn bæjarmála Rvíkur 9. okt. 1872), er til þess var ætlast að endurskoðunin væri unnin kauplaust, enda mun endurskoðunin aukist hafa að líkum mæli og störf gjaldkera og í samræmi við þau. Bæjarstjórnin hefir og sjálf smátt og smátt, með skipun nýrra launaðra starfsmanna, látið vinna ýmislegt gegn endurgjaldi, sem samkvæmt tilskipuninni og samþyktinni frá 1872 var ætlast til að hún eða nefndir úr henni intu af hendi sem skyldustörf.

Vér skjótum því til bæjarstjórnar, hvort hún geti ekki séð, um að greidd verði sæmileg þóknun fyrir endurskoðunina.

Reykjavík, 19. janúar 1911.

**Jón Hermannsson. Oddur Gíslason.**

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Tillögur

## frá Fjárhagsnefnd til úrskurðar á bæjarsjóðsreikningi Reykjavíkur fyrir árið 1909.

Um 1. gr.

Til athugunar og eftirbreytni eftirleiðis.

Um 2. gr.

Fullnægt. Kr. 2.52 greiðist í bæjarsjóðinn.

Um 3. gr.

Er lagfært.

Um 4. gr.

Upplýst með svarinu.

Um 5. gr.

Sömuleiðis.

Um 6. gr.

Eftirstöðvarnar ber að innheimta.

Um 7. gr.

Athugasemdin falli niður. Kr. 21.12, sem er útistandandi byggingarleyfisgjöld, innheimtist. Eftirleiðis ber að innheimta byggingarleyfisgjaldið áður en útmæling fer fram.

Um 8. gr.

Til athugunar.

Um 9. gr.

Gjaldkeri fái endurgreiddar úr bæjarsjóði 20 kr. Eftirleiðis fylgi reikningnum skýrsla um skuldir þurfamanna.

Um 10. gr.

Upplýst með svarinu.

Um 11. gr.

Skýrsla frá lögreglustjóra fylgi eftirleiðis reikningnum.

Um 12. gr.

Til eftirbreytni.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Um 13. gr.

Til athugunar.

Um 14. gr.

Vísast til úrslita bæjarstjórnarinnar.

Um 15. gr.

Upplýst með svarinu.

Um 16. gr.

Kr. 12.50 innheimtist og greiðist í bæjarsjóð.

Um 17. gr.

Upplýst með svarinu og fullnægt.

Um 18. gr.

6 kr. ber að endurborga.

Um 19. gr.

Athugasemdin falli niður.

Um 20. gr.

Svarið við fyrsta hluta fullnægjandi. Fjárhagsnefnd mun innan skamms leggja fram tillögur um að nema ófáanleg gjöld úr eftirstöðvum.

---

Niðurlagsatriði vísast til bæjarstjórnar.

Framanritaðar tillögur fjárhags-nefndarinnar voru allar samþykk-tar á fundi bæjarstjórnarinnar 16. þ.m. — Reikningurinn þannig úr-skurðaður og samþyktur.

Út af tillögunni um 14. gr. ákvað bæjarstjórnin að gefa borgarstjóra umboð til þess, að ná inn öllum óloknum holræsatillögum með málsókn að svo miklu leyti sem han

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

telur ekki málsókn tilgangslausa vegna fátæktar gjaldenda eða af öðrum ástæðum.

Borgarstjóri Reykjavíkur, 22. febr. 1911

Páll Einarsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

SKJALASAFN
REYKJAVÍKURBÆJAR

# Athugasemdir

## við reikning yfir tekjur og gjöld bæjarsjóðs Reykjavíkur 1910.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## Svör:

1. gr.

Athugasemdin er rétt.

2. gr.

Laugatollurinn er fyrir árin 1909 og 1910, greiddur af J. Brillouin samkvæmt áætlun bæjarstjórnarinnar þau ár.

3. gr.

Ístökugjaldið frá h./f. P. J. Thorsteinsson & Co. fyrir 1910 er nú innheimt og verður tilfært í reikningi fyrir árið 1911 ásamt ístökugjaldi fyrir það ár.

4. gr.

Skýrsla um ógoldinn innlagningarkostnað fylgdi með frá mér; hefir líklega komist saman við reikninga vatnsveitunnar.

Ennfremur fylgdi samrit af vaxtagreiðslu hvers einstaklings og skrá í sömu röð, sem sýnir alla vaxtagreiðsluupphæðina samanlagða, reiknað 5% frá 1. okt. 1909 til 1. okt. 1910.

Viðbót frá borgarstjóra:

Öll skjöl þessi fylgja vatnsveitureikningnum og hafa verið endurskoðuð með honum.

Páll Einarsson.

5. gr.

Bæjarfógeti innheimti hundaskattinn. Þegar reikningurinn var saminn, var ekki búið að borga skattinn. Síðan hefir hann verið goldinn og verður færður í reikninginn 1911.

6. gr.

Vottorð borgarstjóra fengið.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## Tekjur:

1. gr.

T. 4.og 5. Leiga eftir Skothúslóð er talin bæði í 4. lið, leiga af erfðafestulöndum, og í 5. lið, leiga af húsum og lóðum; tekjur munu því oftaldar hér um 180 kr.

2. gr.

T. 10. Við laugatollinn vantar fylgiskjal og upplýsingar hver hafi greitt í hann; er talinn 80 kr.

3. gr.

T. 10. Það athugast, að ógreitt er ístökugjald frá h/f. P. J. Thorsteinsson & Co. fyrir 1910. Upphæð þessi er ekki tiltekin og ekki tilfærð í eftirstöðvum.

4. gr.

T. 14d. Það vantar nákvæma skýrslu um hjá hverjum stendur óborgaður innlagningarkostnaður og hverir hafi borgað; svo og skýrslu um vaxtareikning af útistandandi innlagningarkostnaði.

5. gr.

T. 16. Ekki sést hvernig á því stendur, að enginn hundaskattur hefir greiðst bæjarsjóði á árinu.

6. gr.

T. 20. Það vantar vottorð borgarstjóra á fylgiskjalið með þessum tekjulið. End-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Vegna þess, að umræddur styrkur er ekki færður gjaldamegin sem styrkur til innanbæjar né utanbæjar þurfamanna, virtist reikningshaldara rétt að færa hann þá ekki heldur teknamegin á slíka tekjuliði, heldur halda honum svo tekna sem gjaldamegin undir óvissum tekjum.

7. gr.

Rétt, sbr. áður gerðar athugasemdir mínar.

8. gr.

1. Upphæðin, 4 kr., er send til Hafnar 31. marz, sbr. póstkvittunarbók, en kvittun hefir engin komið til reikningshaldara.
2. Upphæðin, 100 kr., er send oddvitanum í Ytri-Torfustaðahreppi 30. apríl, sbr. póstkvittunarbók, en kvittun hefir gjaldkeri eigi fengið frá honum.

3.—8. Þetta er rétt athugað. Þeir sem koma með ávísanirnar eru látnir kvitta með því að skrifa nöfn sín, en ekki nafn þess, sem á að fá peningana. Gjaldkeri lítur svo á, að réttara sé að móttakandi skrifi sitt nafn til þess, ef ágreiningur verður um móttöku, að hægt sé að vita hver tekið hefir á móti fénu, þegar styrkþegi getur ekki gert það sjálfur. Oft er sem borgarstjóri getur þess á ávísuninni hver skuli veita fénu móttöku, en þó er það ekki nærri alt af. Annars mun það vera nærri undantekningarlaust venja, að sá, sem fær ávísunina hjá borgarstjóra, fari með hana jafnharðan til gjaldkera og fái hana borgaða. Að þess konar ávísanir lendi í höndum og sé hafin af öðrum en til er ætlast, er auðvitað mögulegt, en mun þó naumast koma fyrir.

Að styrkþegi gefi umboð, þegar hann getur ekki sjálfur veitt fénu móttöku, mun með öllu óframkvæmanlegt, enda eru móttakendur í nær öllum tilfellum vandamenn þess, er styrkinn fær, kona hans, börn eða einhver sem gengur í þeirra stað til hjálpar styrkþega.

9. gr.

Rétt. Ritvilla, sem engu raskar reikningslega.

10. gr.

Rétt athugað. Mun vera fært til skuldar á reikningsláni hjá borgarstjóra. Eftir ráðstöfun borgarstjóra er upphæðin færð til skuldar í reikningnum og til tekna sjá tekjulið 23.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

urgoldinn styrkur, sem talinn er í þessum lið, virðist fremur hefði átt að teljast í 17. eða 18. tekjulið.

## Gjöld:

7. gr.

G. 14. Með þessum gjaldalið fylgja ekki frumskjölin (reikningar og kvittanir) og skýrir bæjargjaldkeri í athugasemd, sem fylgir reikningnum, frá ástæðum að því, enda virðist borgarstjóri en ekki bæjargjaldkeri hafa greitt þessi gjöld.

8. gr.

G. 18b. 1. Fylgiskjal 68 er er ekki kvittun fyrir þar greindri útborgun. (4 kr.).

2. Fylgiskjal 723 sýnir, að Ytri-Torfustaðuhreppur hefir greitt 100 kr. með óskilgetnu barni Guðmundar Péturssonar, en þar sést ekki, að upphæð þessi hafi verið endurgreidd hreppnum, þótt bærinn sé skuldaður fyrir henni.

3. Á fylgiskjali 514 eru 25 kr. greiddar Sigurgeiri Kristjánssyni án þess að sjáist, hverja heimild hann hefir til móttökunnar fyrir styrkþegann, Guðríði Jónsdóttur.

4. Fylgiskjal 767 sýnir ekki, að Ásvaldur Magnússon hafi heimild til að kvitta fyrir 15 kr. 80 aur. handa Guðrúnu Eyþórsdóttur.

5. Fylgiskjal 806 sýnir ekki að Sigríður Vigfúsdóttir geti kvittað fyrir Sigurgeir Ólafsson (10 kr.).

6. Fylgiskjal 809 sýnir ekki heimild Þuríðar Kristjánsdóttur til að kvitta fyrir Kristján Ólafsson (15 kr.).

7. Fylgiskjal 846. Sama um Guðbjörgu Filipusdóttur gagnvart Guðmundi Sæmundssyni (3 kr. 75 au.).

8. Fylgiskjal 950. Sama um Ásthildi Árnadóttur gagnvart H. C. Hansen (7. kr.).

9. gr.

G. 19. Þess skal getið, að fylgiskjölin með þessum lið eru 287 en ekki 200 eins og í aðalreikningnum stendur, sem mun einungis ritvilla.

10. gr.

G. 22. Fylgiskjal 27 er ekki kvittun fyrir 2399 kr. 92 au.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

11. gr.

1. Rétt. Of mikið tilfært um 25 aura.

2. Athugasemdin er rétt. Upphæðin er tvisvar færð; er og á að vera í gjaldlið 18 B, en ekki í gjaldlið 23.

12. gr.

Þessi athugasemd virðist ekki vera rétt.

Reykjavík, 29. júní 1912.

*Borgþór Jósefsson.*

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

11. gr.

G. 23. 1. Samkvæmt fylgiskjali 107 er reikningur Sigurðar sýslumanns Ólafssonar, 7 kr. 25 aur., útborgaður með 7 kr. 50 aur.

2. Fylgiskjal 140, kvittun fyrir 16 kr. til Guðrúnar Halldórsdóttur, vantar.

12. gr.

Samtalningunni í gjöldunum í aðalreikningnum virðist skeika um 1 kr.; gjöldin of hátt talin um þessa upphæð.

Reykjavík, 27. júní 1912.

*Jón Hermannsson.* *Oddur Gíslason.*

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Tillögur

## til úrskurðar á bæjarsjóðsreikningi 1910 um athugasemdir endurskoðenda.

---

Um 1. gr.

180 kr. endurborgist reikningshaldara.

Um 2. gr.

Upplýst með svarinu.

Um 3. gr.

Ístökugjald frá h/f P. J. Thorsteinsson & Co. komi í reikning bæjarsjóðs 1911.

Um 4. gr.

Upplýst með svarinu.

Um 5. gr.

Hundaskattur fyrir árið 1910 komi til tekna á reikningnum 1911.

Um 6. gr.

Fullnægt og upplýst með svarinu.

Um 7. gr.

Skjölin fylgja vatnsveitureikningnum og eru endurskoðuð ásamt honum.

Um 8. gr.

Má við svo búið standa.

Um 9. gr.

Upplýst með svarinu.

Um 10. gr.

Fylgiskjalið álízt fullnægjandi kvittun.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Um 11. gr. 1.

Gjaldkeri endurborgi 25 a.

Um 11. gr. 2.

Reikningshaldari endurborgi kr. 16.00

Um 12. gr.

Athugasemdin fellur niður.

Fjárhagsnefnd Reykjavíkur 1. júlí 1912.

*Páll Einarsson.* *Halldór Jónsson.*

Á fundi bæjarstjórnarinnar 4.
júlí 1912 var reikningurinn úr-
skurðaður þannig, að allar framan-
ritaðar tillögur fjárhagsnefnd-
arinnar voru samþyktar. Reikn-
ingurinn var að því búnu sam-
þyktur. —
Borgarstjóri Reykjavíkur 6. júlí 1912
Páll Einarsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Athugasemdir

## við reikning vatnsveitu Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ad. 1. Sami maðurinn, Kn. Zimsen, hafði umsjón með verkinu og útborgunina á hendi. Áteiknun á reikningana því óþörf.

Ad. 2. Á fundi vatnsveitunefndar 8. apríl 1908 var K. Zimsen ráðinn eftirlitsmaður þar til Holger Hansen kæmi, og borgun ákveðin 700 kr., og er sú upphæð borguð, sbr. fskj. 11, 36 og 52.

Ad. 3. Sama svar og við 1. lið.

Ad. 4. Sama svar.

Ad. 5. Var borguð fyrir Sophus Berendsen. Kvittunin send honum. Upphæðin endurborguð af honum.

Ad. 6. Athugasemdin bygð á misskilningi. Þann tíma, sem K. Zimsen hafði á hendi útborganir, var haldin sjóðkontó, en öllum upphæðum ekki ávísað beint úr hlaupareikningi við Íslands banka, eins og síðar var gjört. Kvittun fyrir kr. 15.95 er þannig á flgskj. 68 og 69, fyrir kr. 415.75 á flgskj. 77, 78 og 83 og fyrir kr. 6.95 á flgskj. 84 og 88 auk 50 aura, sem 12. ágúst eru greiddir fyrir ávísanabók og sést þetta allt ljóslega í höfuðbók 65 og 66, sem fylgdi reikningnum til endurskoðenda.

Ad. 7. Sama svar sem við 1.

Ad. 8. Kvittun verkstjórans með áritun eftirlitsmanns, er fylgir sem fylgiskjal, verður að álítast fullnægjandi.

Ad. 9. Fylgiskjölin sjálf bera það með sér, að athugasemdin er bygð á misskilningi.

Ad. 10. Sama svar og við 8. Allir reikningarnir bera með sér, að vinnan er unnin í þarfir vatnsveitunnar. Allir eru reikningarnir útgefnir af verkstjóranum og kvittanir liggja í bankanum, sem endurskoðendur hafa athugað.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1. Um fylgiskjöl 4—9 incl. er það sameiginlegt, að vottorð af hendi vatnsveitunnar um, að þar umræddar upphæðir séu réttar eða þeim varið í þarfir vatnsveitunnar, vantar.
2. Um fylgiskj. 11. Samningur verkfræðings Zimsens hefði átt að fylgja reikningnum, það því fremur, sem kaupið breytist sbr. fylgiskj. 36.

3. Um fylgiskj. 13—16. Sama athugasemd og við fylgiskj. 1—9. Sömuleiðis við fylgiskj. 19—26.
4. Um fylgiskj. 33, 35 og 42 sama athugasemd og um fylgiskj. 1—9.
5. Fylgiskjal 61 vantar.

6. Fyrir 15 kr. 95 a. + 415 kr. 75. a. + 6 kr. 95 a. útborgað 20/7, 31/7 og 14/8—08, vantar kvittun og sést eigi til hvers varið er.

7. Um fylgiskj. 94—100 sama athugasemd og um fylgiskj. 1—9.
8. Um fylgiskj. 192. Vantar kvittun verkamanna.
Fylgiskj. 613 er ókvittað af verkamönnum.
— 626, vantar kvittun verkam. fyrir 30 kr. + 18 kr.
— 627, — — — — 18 kr. 60 + 10/80+3/30.
— 628, — — — — 10 kr, 80 + 10/80.
9. Samkvæmt fylgiskjölum 659, 672 og 691 sést eigi betur en að þar umrædd vinnulaun séu tvíreiknuð fyrir 17. og 23. apríl.

10. Um fylgiskjal 685. Vantar kvittun verkam. fyrir 30 kr.
— 687 — — — — 18 kr.
— 726—27. Ókvittað af 1 verkam.
— 741 — — 4 —
— 749 — og óundirskrifað.
— 768 — af 3 verkamönnum.
Fylgiskj. 792. Ókvittað af verkamönnum og sést það eigi, hvort reikningurinn er réttur eða í þarfir vatnsveitunnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ad. 11. Skrifvilla við innfærslu í dagbók, sem ekki hefir aðra þýðingu en þá, að aðalverð vatnsveitunnar er talið 10 kr. meira en á að vera.

Ad. 12. Athugasemdin er rétt og samkvæmt reikningnum.

Reykjavík $^1/_7$. 1912.

*Páll Einarsson.*

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Um fylgiskj. 801—2. Það sést eigi, hvort umræddar upphæðir eru réttar eða í þarfir vatnsveitunnar.

Um fylgiskjal 806—08. Sést eigi hvort umræddar upphæðir eru réttar eða hvort varið í þarfir vatnsveitunnar.

Um fylgiskjal 817—18. Sama athugasemd og næst á undan.

— 825—26 — — — — - —

— 832—33 — — — — - —

— 838—39 — — — — - —

— 842—43 — — — — - —

— 853 — — — — - —

— 857. Ókvittað.

— 858—59, 860, 863—64 og 866. Sama athugas. og næst á undan.

— 879—81, 885—86 og 889—91 — — — — - —

11. Um fylgiskj. 1053. Vinnureikningur sá, er hér ræðir um, er að upphæð 105 kr. 15 a., en er talinn 115 kr. 15 a. og er því oftalinn um 10 kr.

12. Jóhannesi Jónssyni hafa verið ofborgaðar 200 kr. sbr. dagbók bls. 46 og aðalbók bls. 120. Upphæðin óinnheimt að því er virðist.

Þess skal getið, að þeirri aðalreglu hefir verið fylgt við útborganir, að gefa tékkávísun á inneign vatnsveitunnar hjá öðrum bankanna hér í bænum og það látið nægja, að hlutaðeigandi kvittaði á tékkávísunina, en eigi á sjálft fylgiskjalið. Meiri hluti fylgiskjalanna fylgja því reikningnum ókvittuð. En með því að sjá má á reikningi bankans, að tékkávísanirnar hafa verið útborgaðar samkvæmt því sem segir í vatnsveitureikningnum, virðist þetta eigi geta skaðað vatnsveituna.

Reykjavík 26. júní 1912.

*Oddur Gíslason.*

Eg hefi ekki haft tíma til að yfirfara þenna reikning, enda álít eg nægilegt að hann sé yfirfarinn af herra Oddi Gíslasyni einum. Ber honum einum því borgun sú, sem bæjarstjórnin hefir heitið fyrir endurskoðun reikningsins,

**D. u. s.**

*Jón Hermannsson.*

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Tillögur

## til úrskurðar á vatnsveitureikningnum:

---

Um 1.—11. gr. athugasemdanna.

Upplýst með svörunum.

Um 12. gr.

Borgarstjóri innheimti 200 kr. hjá Jóhannesi Jónssyni.

Fjárhagsnefnd Reykjavíkur 2/7. 1912.

*Páll Einarsson.* *Halldór Jónsson.*

Á bæjarstjórnarfundi 4. júlí 1912 var ofanrituð tillaga fjárhagsnefndarinnar um 1.-11. gr. athugasemdanna samþykkt, en tillagan um 12. gr. felld.

En hinsvegar var reikningurinn með þessum úrslitum eigi samþykktur, heldur var honum vísað aptur til endurskoðenda. -

Borgarstjóri Reykjavíkur 5. júlí 1912

Páll Einarsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## T i l l ö g u r

til úrskurðar á reikningi yfir tekjur og gjöld

bæjarsjóðs Reykjavíkur 1912.

---

| | |
|---|---|
| 1.gr. . . . . | 10 aur. má endurgjalda. |
| 2.gr. . . . . | Til athugunar við endurskoðun reikningsins fyrir 1913. |
| 3.gr. . . . . | 3 kr. teljast til ábyrgðar. |
| 4.gr. . . . . | Gefur ekki tilefni til úrskurðar. |
| 5.gr. . . . . | Til athugunar. |
| 6.gr. . . . . | Fullnægt. |
| 7.gr. . . . . | 1.10 aura má greiða Guðm.Egilssyni.<br>2.Má við svo búið standa í þetta sinn.<br>3.Upplýst með svarinu. |
| 8.gr. . . . . | sem ekki er svarað af reikningshaldara gefur ekki tilefni til úrskurðar. |
| 9.gr. . . . . | Upplýst með svarinu. |
| 10.gr. . . . . | Má við svo búið standa í þetta sinn. Nýtt fyrirkomulag er tekið upp á þessu ári. |
| 11.gr. . . . . | Til athugunar. |
| 12.gr. . . . . | 12 aur. teljast til ábyrgðar. |
| 13.gr. . . . . | Má við svo búið standa. |
| 14.gr. . . . . | Má við svo búið standa í þetta sinn. |
| 15.gr. . . . . | 12 kr. teljast til ábyrgðar. |
| 16.gr. . . . . | (sem ekki er svarað af reikningshaldara)<br>Má eftir atvikum við svo búið standa. |
| 17.gr. . . . . | Gefur ekki tilefni til úrskurðar. |

---

## T i l l ö g u r

til úrskurðar á hafnarsjóðsreikningi Reykjavíkur

1912.

---

. . . . Kr.99.99 au. teljast til ábyrgðar.

---

Reykjavík 28.september 1914

K.Zimsen. Sighvatur Bjarnason. Jón Þorláksson.

Oddur Gíslason.

Reikningarnir, athugasemdir endurskoðenda og svör bæjargjaldkera eru til sýnis fyrir bæjarfulltrúa á skrifstofu borgarstjóra.

*Tillögurnar samþyktar á fundi bæjarstjórnar 1. okt. 1914.*
*Borgarstjórinn í Reykjavík 12. okt. 1914.*
*K. Zimsen.*

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Borgarstjórinn í Reykjavík.

Reykjavík 13.október 1914.

R/4

Bæjarstjórnin hefir samþykt reikning brunabótasjóðsins 1912 án breytinga.

Þetta tilkynnist yður hjermeð, herra bæjargjaldkeri.

K Zimsen.

B æ j a r g j a l d k e r i n n.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

SKJALASAFN
REYKJAVÍKURBÆJAR

# Athugasemdir

## við reikning yfir

## tekjur og gjöld bæjarsjóðs Reykjavíkur árið 1913

## og hafnarsjóðs 1913

ásamt svörum reikningshaldara og úrskurðartillögum fjárhagsnefndar

---

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## Svör reikningshaldara.

### Tekjur:

#### 1. gr.

Þessar greiðslur eru greiddar beint til gjaldkera eftir munnlegri (eða pr. telefon) ráðstöfun borgarstjóra í hvert sinn, þannig, að ákveðinni upphæð er haldið eftir af vinnulaunum hlutaðeigenda, nema Sveins Guðmundssonar. Hans innborgun er afborgun á gamalli skuld, sem mér er ókunnugt hve mikil er eða frá hvaða tíma. En allar greiðslurnar eru skriflega tilkyntar borgarstjóra.

#### 2. gr.

1. liður. Sama svar og við 1. gr. Þórður og Einar hafa greitt vikulega 5 kr. hver af vinnul. eftir ráðstöfun borgarstjóra. Teitur, Guðmundur og Jón borgað sjálfir, en oddvitinn í Seltjarnarneshreppi borgað fyrir hönd Guðbrandar alla skuld hans. Alt þetta hefir verið tilkynt borgarstjóra.

2. liður. Viðurkennist, ofhátt tilfært um 10 kr.

3. liður. Viðurkennist, misritað Guðmundur í stað Guðjón.

4. liður. Umræddar 50 kr. eru greiddar af Grindavíkurhreppi 4. des. 1914.

5. liður. Viðurkennist, ofhátt tilfært um kr. 27,40 eins og tekið er fram á listanum sem fylgir tekjul. 18, sbr. bréf borgarstjóra dags. 5. júní og frádrátt á gjaldl. 20 d.

### Gjöld:

#### 3. gr.

Bærinn á þessar eignir og greiðir því af þeim opinber gjöld. Hvernig á því stendur, að leiga er ekki goldin af þeim, er reikningshaldara ókunnugt um fulla vissu fyrir. Er að líkindum eftir samningum milli þeirra, sem létu eignirnar af hendi til fátækrasjóðs, sem eru þeir sömu sem enn búa í þessum húsum, og fátækranefndar f. h. bæjarsjóðs.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## Athugasemdir.

### Tekjur:

1. gr.

Tekjul. 17. Með þessum lið fylgir bréf frá borgarstjóra með öllum endurgreiðslum á veittum sveitarstyrk, nema frá Kristjáni J. Skagfjörð, Páli Ólafssyni, Ásmundi Ólafssyni, Hallgrími Sveinbjarnarsyni, Sveini Guðmundssyni og Benjamín Einarssyni. Verður því ekki séð, hvort endurgreiðslur frá þessum mönnum séu rétt færðar.

2. gr.

1. Tekjul. 18. Sama athugasemd og við næsta tekjulið, að því er snertir endurgreiðslur á sveitarstyrk veittum Þórði Árnasyni, Teiti Sigurðssyni, Einari Jónatanssyni, Guðbrandi Valsberg, Guðmundi Guðmundssyni og Jóni Guðmundssyni.

2. Það athugast og ennfremur, að samkvæmt fskj. 953 í gjl. 20 b. er endurgreiðsla á sveitarstyrk veittan Margréti Kristjánsdóttur kr. 120,67, en ekki kr. 130,67, sem hér er talið.

3. Á lista gjaldkera, sem fylgir þessum lið, mun vera misritað Guðmundur Jónsson þurfalingur Álftaneshrepps í stað Guðjón Jónsson, sbr. bréf borgarstjóra, dags. 21. apríl og 21. maí 1913.

4. Með bréfi, dags. 28. maí 1913, sendir borgarstjóri kr. 151,30 frá Grindavíkurhreppi upp í sveitarstyrk veittan Guðrúnu Bjarnadóttur, en lætur þess jafnframt getið, að hreppurinn ætlist til, að barnsfaðir hennar endurgreiði 50 kr. af styrknum, en sú greiðsla virðist ekki hafa farið fram, og skal hér með vakin athygli á því.

5. Þessi liður er, samkvæmt lista gjaldkera, ofhátt færður um kr. 27,40 og á að vera kr. 9979,42 í stað 10006,82.

### Gjöld:

3. gr.

Gjl. 1. Bæjarsjóður virðist greiða opinber gjöld af húseignum (t. d. Bræðraborgarstíg 7, Sólheimum og Nýledugötu 22), sem hann virðist engar tekjur hafa haft af (sbr. tekjul. 6).

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4. gr.

Fylgiskjalið fylgir hér með.

5. gr.

Kvittunin fylgir hér með í endurriti. Reikningshaldari telur kvittunina hafa fylgt reikningnum frá sér.

6. gr.

Viðurkennist, ofreiknað um 30 aura.

7. gr.

Viðurkennist, vanreiknað um 10 aura.

8. gr.

Þessi umræddu fylgiskjöl, nr. 5, 32 og 34, var reikningshaldara kunnugt um að vantaði. Það eru kaupskrár, sem V. Eyólfsson fekk lánaðar til að borga eftir og fá um leið kvittaðar. En þrátt fyrir ítrekaðar kröfur, munnlega og skriflega, hafa kaupskrárnar ekki fengist enn. En V. Eyólfsson hefir nú lofað að gera gangskör að því að leita að þeim. Hann viðurkennir að hafa fengið upphæðirnir borgaðar.

Kaup Andrésar Jónssonar viðurkennist ofreiknað um 2 kr.

9. gr.

Þær í fyrstu málsgrein umgetnu kr. 478,39 eru viðurkendar og endurborgaðar og færðar til tekna í reikningi 1914.

Um mismuninn í reikningi salernahreinsunarmanns og skrá borgarstjóra álítur reikningshaldari sér ekki bært að segja neitt.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4. gr.

Gjl. 3 d. Fylgiskjal með þessum lið vantar. Samkvæmt áætlun er fjárveiting þessi: »Til aðstoðar og fyrir að vera við lögtaksgjörðir eftir ráðstöfun fjárhagsnefndar og eftir reikningi alt að kr. 1000,00«.

5. gr.

Gjl. 6. Fskj. 1. kvittun fyrir eftirlaunum M. Helgesen vantar.

6. gr.

Gjl 10 b. Fskj. 49 virðist vera ofreiknað um 30 a.

7. gr.

Gjl. 11 c. Fskj. 12 virðist eiga að vera kr. 16,50 í stað 16,40.

8. gr.

1. Gjl. 11 d. Fyskj. 5, reikningur frá Valentínusi Eyólfssyni að upphæð kr. 90,00, vantar.
2. Fskj. 32. Sömuleiðis reikningur frá sama að upphæð kr. 256,50.
3. Fskj. 34. Ennfremur reikningur frá sama að upphæð kr. 255,75.
4. Fskj. 141. Kaup Andrésar Jónssonar virðist vera 2 kr. ofreiknað.

9. gr.

Gjl. 14. Árið 1913 hefir verið greitt fyrir salernahreinsun kr. 8244.85, og árið 1912 var greitt kr. 3883.23, eða samtals kr. 12128.08, en eftir reikningi salernahreinsunarmannsins, er nær frá 1. júlí 1912 til ársloka 1913, hefir gjaldið numið kr. 11649.69 og hefir þannig verið greiddar kr. 478.39 meira en vera bar.

Salernahreinsunarmaður reiknar jafnmörg salerni bæði árin og mun talan vera rétt tilfærð árið 1912 en árið 1913 er tala þeirra samkvæmt salernaskránni 182 fyrir 3 menn, 1222 fyrir 4—10 menn og 174 fyrir 11—15 menn, en salernahreinsunarmaður reiknar þau 180, 1196 og 229.

Samkvæmt skránum fyrir árin 1912 og 1913 virðist gjaldið eiga að reiknast þannig:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Árið 1912 | kr. | 3883 | 23 |
| Árið 1913: | | | |
| 182 salerni á 3.12 | — | 567 | 84 |
| 1222 salerni á 4.68 | — | 5718 | 96 |
| 174 salerni á 7.02 | — | 1221 | 48 |
| | kr. | 11391 | 51 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

10. gr.

Sama svar og við 8. gr. 1., 2. og 3. lið.

12. gr.

Reikningurinn er borgaður samkvæmt ávísun. Bæjarverkfræðingur hefir viðurkent hann réttan og gasstöðvarstjórinn segir töluna 1 misritun í stað 3 hjá Þorkeli Sveinssyni.

13. gr.

Reikningshaldari hyggur að fylgiskjalið hafi verið með frá sér.

14. gr.

1. liður. Ávísunin hljóðar upp á 21 kr. og er borguð með 21 kr.
2. liður. Útgjaldaskipunin hefir orðið eftir en fylgir nú hér með.
3. liður. Reikningshaldari telur víst að þetta fylgiskj. 909 hafi verið með þegar borið var saman og þá að það hafi hlotið að fara með ásamt hinum. Þessi gj.l., sem er sá stærsti, var öðrum fremur athugaður og þess gætt, að allar kvittanir væru til.
4. liður. Sérstök útgjaldaskipun var fyrir þessari greiðslu 1911 og 1912, sem endurnýjuð var símleiðis fyrir 1913, eins og sagt er á útgjaldaskipuninni sem fylgir hér með.
5. Viðbótarútgjaldaskipunin fylgir hér með.
6. Viðurkennist.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og er þannig . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . kr. 258 18
lægra en í reikningi salernahreinsunarmannsins, er telur gjaldið hafa numið . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . — 11649 69
Virðist þannig hafa verið ofgreitt kr. 478.39 + 258,18 = kr. 736.57 fyrir hreinsun salerna 1913.

10. gr.

Gjl. 16. a. Fskj. 37. Reikningur frá Þórði Þorsteinssyni að upphæð kr. 17.00 og fskj. 59, reikningur frá sama að upphæð kr. 15.39 vanta.

11. gr.

1. Gjl. 16. c. Fskj. 14 og 25, gjöld fyrir talsíma varaslökkviliðsstjóra eru reiknuð kr. 12.50 á ársfjórðungi. Sést ekki af hverju þessi 50 aura aukning frá hinu almenna gjaldi stafar.

2. Fskj. 37 virðist vera 35 a. vanreiknað.

12. gr.

Gjl. 17. b. Á fylgiskjali 8 eru reiknaðir 7 automatar frá gasstöðinni, en samkv. skrá er fylgir virðast þeir ekki vera nema 5, og eru því 104 kr. ofreiknaðar. Fskj. 12 virðist vera 52 kr. vanreiknaðar. Mismunurinn 52 kr. því ofreiknaður.

13. gr.

Gjl. 18. Fskj. 1. Reikningur að upphæð 6 kr. frá Valtínusi Eyjólfssyni vantar.

14. gr.

1. Gjl. 20. b. Fskj. 223 er ávísað Árna Einarssyni með 21 kr., en í meðfylgjandi reikningi er sú greiðsla tilfærð með 20 kr.

2. Fskj. 505. Samkvæmt bréfi borgarstjóra, dags. 10. jan. 1913, er meðlag með Samson Ingimundarsyni ákveðið 240 kr., en hefir verið greitt með 290 kr., án þess að séð verði að ný útgjaldaskipun hafi verið gefin.

3. Fskj. 906 vantar.

4. Fskj. 1047. Bjarni Sigurðsson hefir veitt móttöku og kvittað fyrir 84 kr. meðgjöf með Helgu Friðriksdóttur, án þess að séð verði, að þeirri upphæð hafi verið ávísað úr fátækrasjóði.

5. Fskj. 1205. Samkvæmt bréfi borgarstjóra 10. jan. 1913, er styrkur til Guðríður Ingjaldsdóttur ákveðinn 120 kr., en hefir verið greiddur með 175 kr., án þess að séð verði að ný útgjaldaskipun hafi verið gefin.

6. Fskj. 1351 hefir verið ávísað og greitt 60 a. ofhátt.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

15. gr.

Viðurkennist.

16. gr.

1.—3. liður. Ritvillur sem búið er að leiðrétta.

17. gr.

Viðurkennist rétt athugað.

Kristín þessi er ekki í bænum sem stendur, en skólastjóri lofaði að athuga þetta þegar hún kæmi og sjá hvort skekkjan lægi í feili á útreikningi eða stundatölunni.

18. gr.

Þenna reikning vantar ekki.

19. gr.

Viðurkennist.

20. gr.

Viðurkennist.

21. gr.

Viðurkennist. Er leiðrétt og fært í reikning 1914.

22. gr.

1. liður. Viðurkennist.

3. liður. Sjúkrahússjóður Reykjavíkur á húseignina og borgar upphæðina. Af henni eru þegar greiddar kr. 389.37. Þær kr. 400.00 sem eftir eru, verða greiddar svo fljótt sem kringumstæður leyfa.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

15. gr.

Gjl. 20. e. Á fskj. 1 í gjl. 8 er kostnaður við dvöl 4 erlendra sjómanna talinn kr. 41.75 en virðist vera kr. 31.75.

16. gr.

Gjl. 21. Fskj 21. Gamalíel Jónsson er samkv. ávísun borgarstjóra sveitlægur í Gerðahreppi en ekki í Rosmhvalaneshreppi.

Fskj. 160—162. Á skrá gjaldkera mun vera misritað Ari Þorvarðsson í stað Árni Þorvarðsson.

Fskj. 560. Siglufjarðarhreppur er ekki til, heldur Hvanneyrarhreppur.

17. gr.

Gjl. 22. b. Kaup Kristínar Arngrímsdóttur hefir á fskj. 1—4 verið reiknað 112 tímar á 0.60 = kr. 69.60 í stað kr. 67.20 og virðist þannig vera ofreiknað um 2 kr. 40 a. á hverju þessara fjögra fylgiskjala, eða alls kr. 9.60.

18. gr.

Gjl. 22. e. Fskj. 29. Reikningur frá gastöðinni að upphæð kr. 12.30 vantar.

19. gr.

Gjl. 22 f. Fskj. 26 virðist vera vanreiknað um 80 aura.

20. gr.

Gjl. 22. g. Fskj. 12 virðist vera kr. 1.50 ofreiknað.

21. gr.

Gjl. 25. a. Á fskj 29 er afborgun af hafnarsjóðsláni frá 18. des. 1890 að upphæð kr. 94.76 ekki færð til útgjalda.

22. gr.

1. Gjl. 29 e. Virðist vera 10 a. vanreiknaður.
2. Jafnframt skal vakin athygli á því, að rétt virðist vera að fella úr eftirstöðvum kr. 2441.00, sem eru útsvör þurfamanna 1909—1913 og eru talin með öllu ófáanleg.
3. Hverjum er ætlað að greiða þær 789 kr. 37 a., sem færðar eru í eftirstöðvum pr. 31. des. 1913 fyrir aðgerð á húsinu nr. 25 við Þingholtsstræti?

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ennfremur er það að athuga við reikning bæjarsjóðs 1913, sem eg veitti ekki eftirtekt fyr en eftir að eg hafði sent hann frá mér, að gjaldamegin vantar að tilfæra:

Til jafnaðar mót tekjulið 13 C kr. 902.38.

Þessi jöfnuður verður því færður gjaldamegin í reikningi bæjarsjóðs 1914 með skírskotun til þessarar athugasemdum.

Sjá svar við 21. gr.

Reykjavík, 21. ágúst 1915.

*Borgþór Jósefsson.*

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

23. gr.

Hér er settur til athugunar samanburður gjaldanna eftir áætluninni og bæjarreikningnum:

| | | Áætlun. | Reikningur. |
|---|---|---|---|
| 1. | Opinber gjöld | 250 00 | 589 87 |
| 2. | Árgjald til Helgafellskirkju | 204 45 | 204 45 |
| 3. | Stjórn kaupstaðarins | 11500 00 | 12044 01 |
| 4. | Til löggæzlu | 8300 00 | 8160 50 |
| 5. | Til hreinsun reykháfa | 2200 00 | 2200 00 |
| 6. | Eftirlaun og ellistyrkur | 700 00 | 791 67 |
| 7. | Umsjón og varsla kaupstaðarlandsins | 800 00 | 944 55 |
| 8. | Manntalskostnaður | 600 00 | 600 00 |
| 9. | Til heilbrigðisráðstafana | 2350 00 | 3076 00 |
| 10. | Til verkfræðings | 3000 00 | 3166 44 |
| 11. | Til vegagerða og holræsa | 39000 00 | 47652 28 |
| 12. | Til þrifnaðar, snjómoksturs o. fl. | 5000 00 | 6137 75 |
| 13. | Til götulýsingar | 7000 00 | 7546 74 |
| 14. | Til salernahreinsunar | 7500 00 | 8724 50 |
| 15. | Til vatnsveitunnar | 35000 00 | 34551 33 |
| 16. | Til slökkvitóla og slökkviliðs | 3400 00 | 3282 71 |
| 17. | Til gasstöðvarinnar | 65000 00 | 69732 01 |
| 18. | Til aukningar á fasteign kaupstaðarins | 1500 00 | 1638 50 |
| 19. | Til áhalda og aðgerða á þeim | 500 00 | 488 12 |
| 20. | Til fátækraframfæris | 38000 00 | 58535 95 |
| 21. | Til þurfamanna annara sveita | 7200 00 | 17451 77 |
| 22. | Til barnaskólans | 38500 00 | 39468 72 |
| 23. | Ymsir styrkir | 3150 00 | 3350 00 |
| 24. | Ýmisleg útgjöld | 3200 00 | 3036 22 |
| 25. | Vextir og afborgun lána | 29248 62 | 34316 63 |
| 26. | Óviss útgjöld | 1500 00 | 3183 00 |
| 27. | Utan áætlunar | | 335 00 |
| 28. | Felt burt | | 1154 64 |
| 29. | Eftirstöðvar til næsta árs | 35000 00 | 57544 26 |
| | Kr. | 349603 07 | 429907 62 |

Reikningur hafnarsjóðs 1913 hefir verið yfirfarinn og ekkert fundist við hann að athuga, annað en það að í næsta reikningi ber að innfæra kr. 94.76 afborgun af hafnarsjóðsláni 18. des. 1890 til Reykjavíkurbæjar, sbr. athugasemd við bæjarsjóðsreikninginn 21. gr. (Gjl. 25. a.).

Reykjavík, 27. júlí 1915.

*Jón Hermannsson.* *Oddur Gíslason.*

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

BORGARSTJÓRINN Í REYKJAVÍK.

Reykjavík, 30. ágúst 1915.

Fjárhagsnefndin hélt fund 27. þ. m. til að semja tillögur til úrskurða á reikningi bæjarsjóðs 1913, en með því að svör reikningshaldara og reikningurinn sjálfur virðast bera það með sér, að í honum sé villa, er nemur kr. 902 38, sem endurskoðendurnir hefa ekki fundið, ákvað nefndin að endursenda endurskoðendunum reikninginn til þess að þeir athugi þetta atriði, og frestaði því að fullgera tillögur til úrskurða.

Leyfi eg mér því að senda yður, háttvirtu herrar, reikninginn ásamt at hugasemdum yðar, með svörum bæjargjaldkera og viðeigandi fylgiskjal með þeim tilmælum að þér viljið athuga greint atriði í reikningnum og síðan endursenda mér skjölin með áliti yðar.

*K. Zimsen.*

Til

endurskoðunarmanna bæjarreikninga Reykjavíkur.

Eftir að hafa athugað reikninginn föllumst vér á það, eftir framkomnum upplýsingum, að umrædda upphæð 902 kr. 38 a. hefði átt til jafnaðar að færa einnig til útgjalda á bæjarreikningnum 1913.

Reykjavík, 2. september 1915.

*Jón Hermannsson.* *Oddur Gíslason.*

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Tillögur
## fjárhagsnefndar til úrskurða á reikningi bæjarsjóðsins 1913.

1. gr.

Upplýst með svarinu.

2. gr.

1. Sömuleiðis.
2. 10 kr. má endurgjalda.
3. Upplýst með svarinu.
4. Til athugunar við endurskoðun á reikningnum fyrir 1914.
5. Kr. 27.40 má endurgjalda.

3. gr.

Þess sé gætt eftirleiðis, að reikna því fólki hæfilega leigu, sem býr í húseignum bæjarins.

4. gr.

Er fullnægt.

5. gr.

Er fullnægt.

6. gr.

30 aurar greiðist í bæjarsjóð.

7. gr.

10 aura má greiða úr bæjarsjóði gegn kvittun hlutaðeiganda.

8. gr.

1.—3. Má við svo búið standa í þetta sinni.
4. 2 kr. innheimtist og greiðist í bæjarsjóð.

9. gr.

Kr. 478.39 komi til frádráttar á reikningi hreinsunarmanns 1914. Kr. 258.18 innheimtist hjá hreinsunarmanni Sveini J. Einarssyni — með málsókn ef eigi fæst öðruvísi.

10. gr.

Má við svo búið standa.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

11. gr.

1. Upplýst af borgarstjóra.
2. 35 aura má greiða gegn kvittun hlutaðeiganda.

12. gr.

Kr. 52.00 innheimtist hjá Gasstöð Reykjavíkur.

13. gr.

Má við svo búið standa.

14. gr.

1. Til athugunar við endurskoðun reikninganna fyrir 1914 að skuld Þórðar Þorkelssonar til Árna Einarssonar er að eins 17 au.
2. Upplýst með svarinu.
3. 20 kr. teljast til ábyrgðar.
4. Verður að teljast upplýst með svarinu.
5. Upplýst með svarinu.
6. 60 aurar teljast til ábyrgðar.

15. gr.

10 kr. innheimtist og greiðist í bæjarsjóð.

16. gr.

Upplýst með svarinu.

17. gr.

Rétt útborgað samkvæmt upplýsingum frá borgarstjóra.

18. gr.

Upplýst með svarinu.

19. gr.

80 aura má greiða gegn kvittun hlutaðeiganda.

20. gr.

Kr. 1.50 innheimtist og greiðist í bæjarsjóð.

21. gr.

Til athugunar við endurskoðun reikningsins fyrir 1914.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

22. gr.

1. 10 aura má greiða úr bæjarsjóði.
2. Gefur ekki tilefni til úrskurðar.
3. Upplýst með svarinu.

23. gr.

Kr. 902.38 má endurborga.

Innborganir og útborganir samkvæmt þessum úrskurðum færist á reikningi bæjarsjóðs 1915.

Reykjavík 4. október 1915.

*Fjárhagsnefndin.*

Á fundi bæjarstjórnar 7. október 1915 voru framanskráðar tillögur bornar undir atkvæði í einu lagi og samþyktar með öllum greiddum atkvæðum

Borgarstjórinn í Reykjavík 23. nóv. 1915.

K. Zimsen.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur